

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2011

Dómareifanir

2. hefti 2011 (júlí–desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Arnar Þór Stefánsson
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
2. hefti 2011 (júlí – desember)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu



Prentun: Oddi umhverfissvöð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Tímarit Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands með reifunum dóma Mannréttindadómstóls Evrópu hefur nú komið út í sex ár. Fjölmargir laganemar og lögfræðingar hafa unnið að útgáfunni og fulltrúar úr hópi lögmanna og dómara tekið þátt í ritstjórninni. Því hefur verið dreift með skipulegum hætti til stofnana í réttarkerfinu svo og til áskrifenda Tímarits lögfræðinga. Hefur útgáfan mælst vel fyrir en tilgangur hennar er að gefa yfirsýn yfir nýjustu dóma og ákvarðanir dómstólsins á hverjum tíma um túlkun Mannréttindasáttmála Evrópu, einkum þá sem þýðingu geta haft fyrir íslenskan rétt.

Á árinu 2011 var ákveðið að stytta reifanir nokkuð til að ná niður kostnaði við útgáfuna. Því markmiði útgáfunnar er þó áfram náð að veita yfirsýn yfir kjarna þeirra álitamála sem Mannréttindadómstóllinn hefur tekist á við á undanliðnum mánuðum og vekja athygli á mikilvægum dómum um túlkun og beitingu sáttmálans. Nánari upplýsingar um dómama má síðan finna á heimasíðu dómstólsins á slóðinni echr.coe.int/ECHR/EN/hudoc.

Á árinu 2011 kvað Mannréttindadómstóll Evrópu upp 1.157 dóma. Í langflestum tilvikum eða 85% dómanna taldi hann að brotið hefði verið gegn einu eða fleiri ákvæða sáttmálans og í þriðjungi þeirra dóma var um að ræða brot á 6. gr. sáttmálans, einkum rétti til réttlátrar málsmeðferðar og málsmeðferðar innan hæfilegs tíma. Dómstólnum bárust 64.500 kærur á árinu og bíða nú um 151 þúsund uppsöfnuð kærur eftir afgreiðslu, en meira en helmingur þeirra beinist að fjórum aðildarríkjum; Rússlandi, Tyrklandi, Ítalíu og Rúmeníu. Þótt breytingar sem urðu með 14. viðauka hafi þegar sýnt nokkurn árangur til að einfalda og hraða málsmeðferð kærumála er víst að nokkur ár mun taka að ná jafnvægi í innstreymi kærumála og afkastagetu dómstólsins þar sem um 90% kæranna er vísað frá. En þó stefnir í rétta átt í því tilliti í fyrsta skipti í langan tíma. Á vettvangi Evrópuráðsins er enn leitað leiða til að afgreiða mál með skilvirkari hætti og í undirbúningi eru frekari breytingar á ákvæðum sáttmálans til að ná því markmiði.

Kærur mál sem dómstólnum bárust gegn Íslandi á árinu 2011 voru álíka mörg og undanfarin ár eða 10 talsins, en 14 kærur var vísað frá á árinu. Í einu tilviki var frávisun ítarlega rökstudd, sbr. ákvörðun frá 27. september í máli *H gegn Íslandi*, en þar reyndi á við hvaða tímamark ætti að miða upphaf kærufrests samkvæmt 1. mgr. 35. gr. sáttmálans.

Ýmsir dómar sem reifaðir eru í þessu hefti eru athyglisverðir frá sjónarhóli íslensks lagaumhverfis og geta haft þýðingu fyrir íslenska lagaframkvæmd. Má t.d. nefna dóm í máli *Sigma sjónvarpsstöðvarinnar gegn Kýpur* frá 21. júlí um hvort álagning stjórnvaldssekta á fjölmiðla vegna brota á fjölmiðlalögum væri andstæð 6. gr. sáttmálans. Einnig má nefna mál *Mor gegn Frakklandi* frá 15.

desember, þar sem sakfelling lögmanns vegna brota á þagnarskyldu var talin brjóta gegn tjáningarfrelsi lögmannsins samkvæmt 10. gr.

Reifanirnar í þessu hefti unnu Gunnar Páll Baldvinsson lögfræðingur og Ketill Einarsson laganemi og færir ritstjórn þeim bestu þakkir fyrir samvinnuna.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit 2. hefti 2011 (júlí – desember)

1. gr. Skylda til að virða mannréttindi	8
Al-Skeini o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 7. júlí 2011	
<i>Lögsaga. Hernámssvæði. Mannsbani vegna valdbeitingar. Rannsóknar- skylda</i>	8
2. gr. Réttur til lífs	9
Al-Skeini o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 7. júlí 2011 (sjá reifun undir 1. gr.)	
De Donder og De Clippel gegn Belgíu. Dómur frá 6. desember 2011	
<i>Skylda til að vernda líf. Meðferðarúræði. Vistun geðsjúks manns í fangelssi</i>	9
Finogenov o.fl. gegn Rússlandi. Dómur frá 20. desember 2011	
<i>Gislataka. Lögregluaðgerðir. Skylda til rannsóknar</i>	11
3. gr. Bann við pyndingum	14
Ahorugeze gegn Svíþjóð. Dómur frá 27. október 2011	
<i>Hælisleitendur. Framsal. Grunur um alþjóðlega glæpi</i>	14
Kanagaratnam o.fl. gegn Belgíu. Dómur frá 13. desember 2011	
<i>Hælisleitendur. Börn. Frelsisvipting.</i>	15
4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.....	17
Graziani-Weiss gegn Austurríki. Dómur frá 18. október 2011	
<i>Skipun lögráðamanns. Skyldur lögmanna. Staða lögmanna og annarra lögfræðinga.</i>	17
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	18
Al-Jedda gegn Bretlandi. Dómur frá 7. júlí 2011	
<i>Frelsisvipting. Ályktun öryggisráðs SP. Stofnskrá SP. Grunur um þátttöku í hryðjuverkastarfsemi.</i>	18
De Donder og De Clippel gegn Belgíu. Dómur frá 6. desember 2011 (sjá reifun undir 2. gr.)	
Kanagaratnam o.fl. gegn Belgíu. Dómur frá 13. desember 2011 2011 (sjá reifun undir 3. gr.)	
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.....	20
Sigma Radio Television Ltd. gegn Kýpur. Dómur frá 21. júlí 2011	
<i>Stjórnsýsluviðurlög. Réttlát málsmeðferð. Fjölmíðlar. Eftirlit með starfsemi.</i>	20
OA O Neftyaná kompaniya Yukos gegn Rússlandi. Dómur frá 20. september 2011 (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka)	

Fexler gegn Svíþjóð. Dómur frá 13. október 2011	
<i>Stjórnsýsludómstólar. Sjúkratryggingar. Munnlegur málflutningur</i>	21
Andreyev gegn Eistlandi. Dómur frá 22. nóvember 2011	
<i>Réttur til að halda uppi vörnum í sakamáli. Lögmenn. Áfrýjunar- frestur. Endurupptaka máls</i>	22
7. gr. Engin refsing án laga	24
Soros gegn Frakklandi. Dómur frá 6. október 2011	
<i>Skýrleiki lagaheimilda. Innherjaviðskipti</i>	24
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	25
Schneider gegn Þýskalandi. Dómur frá 15. september 2011	
<i>Börn. Faðerni. Umgengnisréttur</i>	25
H gegn Íslandi. Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 27. september 2011	
<i>Rannsókn vegna kæru um nauðgun. Endurupptaka. Kærufrestur til Mannréttindadómstólsins</i>	26
Bah gegn Bretlandi. Dómur frá 27. september 2011 (sjá reifun undir 14. gr.)	
Genovese gegn Möltu. Dómur frá 11. október 2011 (sjá reifun undir 14. gr.)	
Trabelsi gegn Þýskalandi. Dómur frá 13. október 2011	
<i>Útlendingar. Alvarleg afbrot. Brottvisun</i>	30
Khelili gegn Sviss. Dómur frá 18. október 2011	
<i>Lögregluskýrslur. Skráning persónuupplýsinga. Krafa um að eyða skráningu</i>	31
S.H. o.fl. gegn Austurríki. Dómur frá 3. nóvember 2011	
<i>Friðhelgi fjölskyldulífs. Bann við notkun á gjafakynfrumum við tæknifrjóvgun</i>	32
Mallah gegn Frakklandi. Dómur frá 10. nóvember 2011	
<i>Útlendingar. Fjölskyldulíf. Aðstoð við ólöglegan innflytjanda</i>	34
Zammit Maempel gegn Möltu. Dómur frá 22. nóvember 2011	
<i>Friðhelgi heimilis. Skipulag. Ónæði vegna flugeldasýninga</i>	36
10. gr. Tjáningarfrelsi	37
Wizerkaniuk gegn Póllandi. Dómur frá 5. júlí 2011	
<i>Prentlög. Refsiákvæði. Blaðamenn</i>	37
Heinisch gegn Þýskalandi. Dómur frá 21. júlí 2011	
<i>Heilbrigðisstarfsmenn. Frelsi til tjáningar um vinnuveitanda. Almanna- hagsmunir</i>	38
Sigma Radio Television Ltd. gegn Kýpur (sjá reifun undir 6. gr.)	
Palomo Sanchez o.fl. gegn Spáni. Dómur frá 12. september 2011	
<i>Tjáningarfrelsi starfsmanna. Viðurlög. Stéttarfélög</i>	40
Vellutini og Michel gegn Frakklandi. Dómur frá 6. október 2011	
<i>Meiðyrði. Stjórnmalamenn. Starfsmenn stéttarfélaga</i>	41

John Anthony Mizzi gegn Möltu. Dómur frá 22. nóvember 2011	
<i>Meiðyrði. Ummæli um látinn stjórnámamann.</i>	42
Mor gegn Frakklandi. Dómur frá 15. desember 2011	
<i>Lögmenn. Þagnarskylda. Umræða um almannahagsmuni.</i>	43
14. gr. Bann við mismunun	45
Stummer gegn Austurríki. Dómur frá 7. júlí 2011(sjá reifun undir	
1. gr. 1. viðauka)	
OAQ Neftýana kompaniya Yukos gegn Rússlandi. Dómur frá	
20. september 2011 (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka)	
Bah gegn Bretlandi. Dómur frá 27. september 2011	
<i>Útlendingar. Börn. Félagsleg aðstoð.</i>	45
Genovese gegn Möltu. Dómur frá 11. október 2011	
<i>Ríkisborgararéttur. Börn fædd utan hjónabands.</i>	46
18. gr. Takmörkun á skerðingu réttinda	48
OAQ Neftýana kompaniya Yukos gegn Rússlandi. Dómur frá	
20. september 2011 (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka)	
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	48
Stummer gegn Austurríki. Dómur frá 7. júlí 2011	
<i>Fangar. Lífeyrisréttindi.</i>	48

1. gr. Skylda til að virða mannréttindi

Al-Skeini o.fl. gegn Bretlandi - Yfirdeild

Dómur frá 7. júlí 2011

Mál nr. 55721/07

1. gr. Skylda til að virða mannréttindi

2. gr. Réttur til lífs

Lögsaga. Hernámssvæði. Mannsbani vegna valdbeitingar. Rannsóknarskylda.

1. Málsatvik

Kærendur eru íraskir ríkisborgarar. Þeir eru ættingjar sex manna sem létust af völdum ýmissa ótengdra og ólíkra aðgerða breskra hermanna í suðurhluta Íraks þegar svæðið var hersetið af breskum hersveitum. Breskir dómstólar töldu að þeir hefðu ekki lögsögu í málunum. Eitt málanna var þó talið falla undir lögsögu þeirra, enda urðu atburðir í því á breskri herstöð í Írak. Breskur dómstóll dæmdi breska ríkið til að greiða skaðabætur í því máli.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að ættingjar þeirra hefðu verið innan lögsögu Bretlands í skilningi 1. gr. sáttmálans þegar þeir létust vegna aðgerða breska hersins í Írak. Þeir töldu að ýmist hefði verið brotið gegn 2. og 3. gr. sáttmálans þar sem rannsóknir á atvikunum hefðu verið ófullnægjandi.

Niðurstaða

Um 1. gr.: Dómstóllinn taldi að þar sem kæran lyti að meðferð breskra hersveita á ríkisvaldi á landsvæði annars ríkis hefðu atvikin fallið undir lögsögu breska ríkisins. Dómstóllinn vísaði í þessu samhengi til þess að þar til írösk bráðabirgðastjórn tók við völdum í Írak hefði Bretland borið ábyrgð á öryggi suðurhluta landsins. Þar sem ættingjar kærenda hefðu látist vegna beitingar breskra hersveita á ríkisvaldi hefði breskum yfirvöldum borið að rannsaka atvikin.

Um 2. gr.: Dómstóllinn tók fram að skylda stjórnvalda til að rannsaka andlát gæti verið háð aðstæðum hverju sinni og rakti ýmis atriði sem hefðu takmarkað möguleika breskra yfirvalda til að rannsaka andlát ættingja kærenda. Dómstóllinn taldi aftur á móti að rannsóknirnar hefðu þurft að vera sjálfstæðar gagnvart yfirmönnum hermannanna sem voru sakaðir um að hafa brotið af sér. Ljóst þótti að þetta hefði ekki verið raunin í hluta tilvikanna og að rannsóknir þeirra hefðu takmarkast við að taka skýrslur af hermönnum sem í hlut áttu. Meðal annars tiltók dómstóllinn ákveðnar rannsóknaraðgerðir sem hefði þurft að framkvæma. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans í fimm tilvikum af sex.

Fimm kærendum voru hverjum um sig dæmdar 17 þúsund evrur í miskaðabætur og samtals 50 þúsund evrur í málskostnað. Tveir dómarar skiluðu sérálitum þar sem komist var að sömu niðurstöðu og meirihlutinn.

2. gr. Réttur til lífs

Al-Skeini o.fl. gegn Bretlandi - Yfirdeild

Dómur frá 7. júlí 2011

Mál nr. 55721/07

Sjá reifun dómsins undir 1. gr.

Lögsaga. Hernámssvæði. Mannsbani vegna valdbeitingar. Rannsóknarskylda.

De Donder og De Clippel gegn Belgíu

Dómur frá 6. desember 2011

Mál nr. 8595/06

2. gr. Réttur til lífs

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Skylda til að vernda líf. Meðferðarúrræði. Vistun geðsjúks manns í fangelsi.

1. Málsatvik

Kærendur, Patricia De Donder og Ivan De Clippel, eru belgískir ríkisborgarar. Þau eru fædd árin 1947 og 1945 og eru búsett í borgunum Hobogen og Ghent í Belgíu. Þau eru foreldrar Tom De Clippel sem fæddist árið 1973 og fyrirför sér í fangelsinu í Ghent þann 6. ágúst árið 2001.

Sonur kærenda byrjaði ungur að fíkta við notkun fíkniefna og fór í kjölfarið að þjást af ýmsum persónuleikaröskunum. Þrátt fyrir að hann hafi leitað til sálfræðings versnaði ástand hans sífellt og árið 1992 var hann lagður inn á geðdeild. Í mars árið 1999 var hann handtekinn vegna gruns um tilraun til þjófnaðar. Niðurstaða geðmats var sú að hann hefði þjáðst af ofsóknaræði þegar hið meinta brot átti sér stað. Hann hefði því ekki verið fær um að stjórna gerðum sínum. Sérfræðingur mælti með því að hann yrði vistaður á viðeigandi stofnun. Þann 28. maí 1999 var Tom De Clippel sakfelldur um þá háttsemi sem honum var gerð og sök og dæmdur til vistunar á viðeigandi stofnun. Var hann í kjölfarið vistaður í sérstakri álmu fyrir ósakhæfa í fangelsinu í Ghent þar til yfirvöld fyndu viðeigandi stofnun þar sem hann gæti fengið meðferð. Skömmu síðar var hann fluttur á stofnun sem sérhæfði sig í meðferðarúrræðum fyrir brotamenn. Í júlí 2001 skilaði félagsráðgjafi sem sá um mál Tom skýrslu þar sem fram kom að hegðun hans hefði versnað og hann væri það árásgjarn að erfitt væri að meðhöndla hann. Í ljósi niðurstöðu skýrslunnar fyrirskipaði saksóknari að Tom skyldi vistaður á ný í fangelsinu í Ghent þar sem almenningi stafaði ógn af honum. Hann var þó ekki vistaður í sérstakri álmu líkt og í fyrra skiptið heldur var hann færður í klefa ásamt þremur öðrum föngum. Eftir að slagsmál brutust út í klefanum var Tom vistaður í einangrun um tíma og síðar í einstaklingsklefa. Kærendur kváðust ekki hafa fengið fregnir af þessu fyrir en þremur dögum eftir að sonur þeirra var færður í fangelsið. Kærendur fengu þó tækifæri til að heimsækja son sinn nokkrum dögum síðar og kváðu

þau greinilegt að fangelsisvistin hefði haft slæm áhrif á andlegt ástand hans. Fjórum dögum eftir heimsókn þeirra framdi Tom sjálfsmorð í klefa sínum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að vistun sonar þeirra í fangelsinu í Ghent hefði í ljósi slæms andlegs ástands hans brotið gegn 2. og 3. gr. sáttmálans þar sem augljóst var að slík vistun hefði slæm áhrif á andlega heilsu hans og hætta væri á að hann stytti sér aldur. Kærandur báru því einnig við að vistunin hefði brotið gegn 5. gr. sáttmálans enda hefði hún ekki verið í samræmi við þann dóm sem kveðinn var upp yfir honum.

Niðurstaða

Um 2. gr. Dómstóllinn áréttaði að ríki hefðu jákvæða skyldu til að vernda líf einstaklinga hvort sem ógn stafaði að þeim frá öðrum einstaklingum eða þeim sjálfum. Dómstóllinn skoðaði því næst tvö atriði, í fyrsta lagi hvort yfirvöldum hefði verið ljóst eða hefði mátt vera ljóst að vistun sonar kæranda í fangelsinu í Ghent skapaði hættu á að hann reyndi að stytta sér aldur og í öðru lagi hvort yfirvöld hefðu gert allt sem í þeirra valdi stóð til að koma í veg fyrir að svo færi. Dómstóllinn benti á að vitað hefði verið að andlegt ástand sonar kæranda væri mjög viðkvæmt. Þá væri tíðni sjálfsmorða meðal fanga mun hærri en meðal almennings. Auk þess hafði lækni sem annaðist son kæranda greint hann með geðklofa með ofsóknaræði en sjálfsmorðstíðni væri mjög há meðal þeirra sem þjáðust af því einkenni. Þótt Tom hefði ekki hótad því að fremja sjálfsmorð né gert tilraunir til þess þá hlutu yfirvöld að hafa gert sér grein fyrir því að mikil hætta gat fylgt því að vista mann í hans ástandi í almennu fangelsi. Yfirvöld vissu um viðkvæmt andlegt ástand hans og forsögu hans innan kerfisins. Dómstóllinn taldi að með hliðsjón af andlegu ástandi sonar kæranda hefðu yfirvöld aldrei átt að vista hann í hefðbundnu fangelsi. Þar sem yfirvöld gerðu það engu síður og það leiddi til dauða hans komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði gegn 2. gr. sáttmálans.

Um 5. gr. Dómstóllinn taldi ljóst að ákvörðun yfirvalda að vista son kæranda á lokaðri stofnun hefði ótvírætt haft lagastoð en belgísk lög heimiluðu slíka vistun ef hinn ákærði þjáðist af geðsjúkdómi eða annars konar andlegri röskun sem gerði honum ókleift að stjórna gerðum sínum. Lögin tóku hins vegar skýrt fram að slík vistun ætti að vera á sérstakri stofnun en ekki í almennu fangelsi. Þá hafði saksóknari mælt fyrir um að vista skyldi son kæranda í álmu fyrir geðsjúka innan fangelsisins. Þar sem yfirvöld höfðu þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli vistað hann í sjálfu fangelsinu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 5. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Belgíu gert að greiða báðum kærendum 25.000 evrur í miskabætur og þeim sameiginlega 10.000 evrur vegna málskostnaðar.

Finogenov o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 20. desember 2011

Mál nr. 18299/03 og 27311/03

2. gr. Réttur til lífs

Gíslataka. Lögregluaðgerðir. Skylda til rannsóknar.

1. Málsatvik

Atvik málsins vörðudu aðgerðir sérsveitarmanna í kjölfar gíslatöku tétsneskra aðskilnaðarsinna í Dubrovka-leikhúsinu í Moskvu árið 2002. Kærendur í málinu, alls 64 talsins, eru fyrrum gíslar eða fjölskyldumeðlimir gísla sem slösuðust eða létust í umsátrinu.

Þann 23. október árið 2002 réðust 40 meðlimir aðskilnaðarhreyfingar Tétséna inn í Dubrovka-leikhúsið í Moskvu. Næstu þrjá daga héldu þeir um 900 manns í gíslingu. Gíslatökumennirnir voru vel vopnum búnir og höfðu komið fyrir sprengjum meðal gíslanna. Þeir fóru meðal annars fram á að Rússar drægju allt herlið sitt frá Tétsníu. Sérsveit undir stjórn alríkislögreglunnar var falið að hefja samningaviðræður og freista þess að frelsa gíslana. Alríkislögreglan gerði í kjölfarið leynilega áætlun sem fól það í sér að frelsa gíslana með hervaldi. Gert var ráð fyrir að áætlunin gæti leitt til einhvers mannfalls ef til átaka kæmi við gíslatökumennina. Í viðbúnaðarskyni var rýmt til á spítölum í borginni og kallaður til fjöldi sjúkrafíreiða, sjúkraliða og lækna til að vera í viðbragðsstöðu. Þótt nokkrir gíslar hefðu verið látnir lausir í skiptum fyrir mat og drykkjarvatn höfðu gíslar einnig verið skotnir inn í leikhúsinu. Af ótta við að enn fleiri gíslar yrðu drepnir ákváðu yfirvöld að láta til skarar skriða og gera tilraun til að frelsa gíslana með hervaldi. Snemma morguns þann 26. október réðust rússneskar öryggissveitir til atlögu gegn gíslatökumönnum. Gasi var dælt inn í gegnum loftræstikerfi leikhússins og að því búnu réðust sérsveitarmenn inn í salinn þar sem gíslunum var haldið. Allir gíslatökumennirnir voru drepnir í aðgerðinni og auk þess létust 125 gíslar bæði meðan á henni stóð og eftir að henni lauk. Sumir gíslanna létust í sjúkrahúsum eða á sjúkrahúsum eftir aðgerðina. Kærendur lýstu því að mikil ringulreið hefði skapast við aðgerðirnar og gíslum, látnum sem lifandi, hefði verið staflað fyrir utan leikhúsið. Ekki hefðu verið nægjanlega margir sjúkrahálar til að flytja þá alla og því voru sumir þeirra fluttir með strætisvögnum án sjúkraliða á spítala. Sjúkrahús voru ekki reiðubúin til að taka á móti svo mörgum særdum og höfðu hvorki fengið upplýsingar um hvers eðlis gasið var né nægjanlega marga skammta af mótetni til að gefa þeim. Þá lögðu kærendur fram skýrslu frá sérfræðingi þar sem fram kom að yfirvöld hefðu átt að gera sér grein fyrir hættunni sem fylgdi því að dæla gasi inn í húsið þar sem ljóst var að þeir sem þjáðust af einhverjum kvillum fyrir gátu verið í mikilli hættu.

Í kjölfar atburðarins hófst opinber rannsókn og voru vitorðsmenn gíslatökumannanna saksóttir og dæmdir til refsingar. Hins vegar var sá hluti málsins er sneri að ábyrgð yfirvalda og aðgerðum sérsveitarmanna ekki rannsakaður

2. gr. Réttur til lífs

sérstaklega. Opinberlega var því haldið fram að þeir 125 gíslar sem létust hefði látist vegna samspils veikinda og kvilla sem þeir þjáðust af fyrir og mikillar streitu sem atburðir síðustu daga höfðu í för með sér. Gasið hefði í versta falli aðeins haft meðvirkandi áhrif á dauða þeirra. Með hliðsjón af skýrslum frá heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem komu að aðgerðinni, sem lýstu því að aðgerðin hefði heppnast, ákvað saksóknari að ekki væri tilefni til að rannsaka málið frekar. Kærendur reyndu í kjölfar ákvörðunar saksóknara margsinnis að fá yfirvöld til að rannsaka málið en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að valdbeiting sérsveitarmanna hefði verið úr hófi. Þarflaust hefði verið að nota gas í aðgerðinni en það hefði valdið miklu manntjóni. Aðgerðir hjálparstarfsmanna í kjölfar aðgerðarinnar hefðu verið illa skipulagðar og ef betur hefði verið að þeim staðið hefði verið hægt að bjarga mörgum mannslífum. Að auki hefði rannsókn yfirvalda verið yfirborðsleg og lítið hefði verið fram hjá ábyrgð þeirra sem stjórnuðu aðgerðinni. Kærendur töldu að með þessu hefði Rússland brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Yfirvöld höfðu gefið það út að gasið sem notað var í aðgerðinni hefði ekki verið lífshættulegt og að gíslarnir 125 hefðu látist af náttúrulegum orsökum. Dómstóllinn taldi hins vegar fjarstæðukennt að halda því fram að 125 manns hefðu látist af ýmsum sjúkdómum og kvillum á sama tíma og stað sökum mikillar streitu og loftleysis. Þrátt fyrir að gasið sjálft hefði ef til vill ekki verið banvænt hefðu afleiðingar notkunar þess verið banvænar fyrir þá sem voru veikir fyrir. Dómstóllinn leit svo á að lykilatriðið varðandi það hvort aðgerðir sérsveitarinnar hefðu falið í sér brot á 2. gr. sáttmálans fælist í því hvort hægt hefði verið að beita vægari aðgerðum til að bjarga gíslunum. Óumdeilt var að gíslatökumennirnir voru þaulskipulagðir, vel vopnaðir og tilbúnir að deyja fyrir málstaðinn. Gíslarnir voru í mikilli hættu og yfirvöld mátu það svo að grípa yrði til aðgerða fljótt til að koma í veg fyrir frekara mannfall. Dómstóllinn féllst á að í jafn flóknum og erfiðum aðstæðum þyrfti að heimila ríkjum visst svigrúm þótt eftir á að hyggja hefðu sumar aðgerðir yfirvalda verið umdeilanlegar. Þótt ekki væri hægt að fullyrða hvort gíslatökumennirnir hefðu framfylgt hótunum sínum benti allt til þess að þeir hygðust gera það. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ákvörðun stjórnvalda um að grípa til umræddra aðgerða með það að markmiði að bjarga lífi sem flestra gísla hefði ekki falið í sér brot á 2. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn gerði hins vegar ýmsar athugasemdir við björgunaraðgerðir í kjölfar aðgerða sérsveitarinnar. Hann áréttaði að yfirvöldum hefði gefist tími til að skipuleggja betur og samræma björgunaraðgerðirnar. Yfirvöld hefðu tekið ákvörðun um að leyna fyrirhugaðri notkun gassins fyrir björgunarstarfs-

2. gr. Réttur til lífs

mönnum en gat ekki dulist að mikið manntjón kynni að verða af aðgerðinni. Þá hefði yfirvöldum ekki tekist að sýna fram á að samræmd áætlun hefði verið fyrir hendi um að flytja særða á sjúkrahús og hvernig samstillta ætti aðgerðir og vinnu allra sem komu að björgunaraðgerðunum. Læknar og aðrir sem önnuðust hina særðu fengu ekki nægar upplýsingar um ástand þeirra og hvort þeir hefðu þegar hlotið einhverja meðferð. Afleiðingar þessa voru til að mynda þær að sumir fengu meira en einn skammt af mótefni á meðan aðrir fengu ekkert. Þá hefðu sumir spítalar orðið yfirfullir á meðan aðrir stóðu hálf tómir. Hefði þeim sem sáu um rýmingu leikhússins verið tilkynnt um ástand gíslanna og áhrif gassins mætti ætla að þeir hefðu ekki staflað þeim upp eins og gert var, en því fylgdi mikil hætta á köfnun, heldur komið þeim fyrir í læstri hliðarlegu. Óskiljanlegt var hvers vegna leikhúsið hafði ekki verið rýmt fyrr en gert var en rúmir tveir tímar liðu frá því að gasi var dælt inn í bygginguna og þar til hún var rýmd. Í millitíðinni dóu margir gíslar vegna eitrunar. Læknaskýrslur sýndu að meirihluti gíslanna lést eftir að aðgerðum sérsveitarmanna lauk. Þ.e. við rýmingu leikhússins eða á leiðinni á sjúkrahús. Hefði verið betur staðið að aðgerðum hefði að öllum líkindum verið hægt að koma í veg fyrir mörg þessara dauðsfalla. Það var því mat dómstólsins að óskipulagðar og illa framkvæmdar aðgerðir yfirvalda í kjölfar aðgerða sérsveitarinnar hefðu falið í sér brot á 2. gr. sáttmálans.

Rannsókn málsins var auk þess háð ýmsum annmörkum. Litið hefði verið fram hjá mögulegri ábyrgð yfirvalda á dauða gíslanna og margir þeirra sem stóðu að sjálfri aðgerðinni komu að rannsókn málsins. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að hroðvirknisleg rannsókn málsins af hálfu yfirvalda hefði falið í sér annað brot á 2. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Rússlandi gert að greiða kærendum samtals 1.254.000 evrur í miskabætur og 30.000 evrur vegna málskostnaðar. Tveimur kærendanna sem bjuggu utan Rússlands voru auk þess dæmdar samtals 4.000 evrur vegna ferðakostnaðar.

3. gr. Bann við pyndingum

Ahorugeze gegn Svíþjóð

Dómur frá 27. október 2011

Mál nr. 37075/09

3. gr. Bann við pyndingum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Hælisleitendur. Framsal. Grunur um alþjóðlega glæpi.

1. Málsatvik

Kærandi, Sylvere Ahorugeze, er rúandiskur ríkisborgari af þjóðflokki hútúa. Hann fæddist árið 1956 og er búsettur í Danmörku. Kærandi fluttist til Danmerkur árið 2001 og fékk stöðu flóttamanns en áður hafði hann starfað sem yfirmaður flugmálayfirvalda í Rúanda. Árið 2007 fóru yfirvöld í Rúanda fram á það við dönsk yfirvöld að þau framseldu kæranda en hann var grunaður um aðild að þjóðarmorði og mannúðarglæpum í Rúanda. Dönsk yfirvöld svöruðu ekki framsalsbeiðninni. Árið 2008 barst sænskum lögreglu yfirvöldum tilkynning frá sendiráði Rúanda í Stokkhólmi um að kærandi væri þar í landi í heimsókn. Í kjölfarið var kærandi handtekinn á grundvelli alþjóðlegrar handtökuskipunar. Í ágúst sama ár fór saksóknari í Rúanda fram á að kærandi yrði framseldur svo mögulegt væri að saksækja hann fyrir þá glæpi sem honum voru gefnir að sök. Því var heitið að kærandi hlyti mannúðlega meðferð í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Árið 2009 komst Hæstiréttur Svíþjóðar að þeirri niðurstöðu að lög hindruðu ekki framsal kæranda til Rúanda enda hafði dauðarefsing verið afnumin þar í landi og réttarkerfið og ástand fangelsismála hafði batnað. Sænsk stjórnvöld ákváðu því að framselja kæranda til Rúanda. Mannréttindadómstóllinn fór fram á það við sænsk stjórnvöld á grundvelli reglu 39 í málsmeðferðarreglum dómstólsins að þau frestuðu framsali kæranda þar til þau hefðu leyst úr kærðu hans um að framsal hans til Rúanda bryti gegn ákvæðum Mannréttindasáttmálans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að mikil hætta væri á því að hann sætti pyndingum eða annarri illri meðferð yrði hann framseldur til Rúanda. Þá kynni hann að seta ofsóknum enda væri hann af þjóðflokki hútúa. Kærandi bar því einnig við að ekki væri líklegt að hann hlyti sanngjarna málsmeðferð fyrir dómstólum í heimalandi sínu og það bryti gegn 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr. Að mati dómstólsins voru aðstæður í því fangelsi sem til stóð að vista kæranda ásættanlegar enda hafði Alþjóðadómstóllinn um glæpi í Rúanda staðfest að svo væri að beiðni norskra og hollenskra yfirvalda. Ekkert benti til

3. gr. Bann við pyndingum

Þess að kærandi myndi sæta slæmri meðferð í Rúanda enda höfðu ómannúðlegar refsingar, til að mynda lífstíðarlöng einangrunarvist, verið afnumdar þar í landi árið 2008. Fullyrðing kæranda um að hann kynni að sæta ofsóknum vegna þess að hann var hótúi þótti ekki sannfærandi þar sem engar upplýsingar höfðu verið lagðar fram sem sýndu fram á ofsóknir gegn hótúum í Rúanda. Dómstóllinn taldi þar af leiðandi það ekki fela í sér brot á 3. gr. sáttmálans af hálfu Svíþjóðar ef kærandi yrði framseldur til heimalands síns.

Um 6. gr. Þótt Alþjóðadómstóllinn um glæpi í Rúanda og ýmis ríki hefðu árin 2008 og 2009 neitað að framselja grunaða stríðsglæpamenn til Rúanda vegna ótta við að þeir myndu ekki hljóta sanngjarna meðferð þá hefði ástandið í Rúanda batnað mikið upp á síðkastið. Til að mynda hefði lögum í Rúanda verið breytt og lagaumhverfið bætt til muna. Dómstóllinn lagði mat á þær breytingar sem gerðar höfðu verið á lagaumhverfinu í Rúanda og ályktaði að þær kröfur sem nú væru gerðar til dómstóla í landinu uppfylltu skilyrði 6. gr. sáttmálans. Þessu til stuðnings benti dómstóllinn á ákvörðun Alþjóðadómstólsins um glæpi í Rúanda frá árinu 2011 að framselja skyldi sakborning til Rúanda þar sem lagaumhverfið uppfyllti að þeirra mati nú orðið alþjóðlegar kröfur um mannréttindi. Framsal kæranda til Rúanda fól því að mati dómstólsins ekki í sér brot á 6. gr. sáttmálans.

Kanagaratnam o.fl. gegn Belgíu

Dómur frá 13. desember 2011

Mál nr. 15297/09

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Hælisleitendur. Börn. Frelsisvipting.

1. Málsatvik

Kærendur, Renuka Kanagaratnam og þrjú börn hennar, 13, 11 og 8 ára, eru ríkisborgarar Sri Lanka og búsett í bænum Ecklo í Belgíu. Þau komu að landamærum Belgíu í janúar 2009 þar sem þau sóttu um vernd og hæli. Belgísk yfirvöld ákváðu í samræmi við innflytjendalöggjöf að neita þeim að koma inn í landið þar sem Renuka var með falsað vegabréf. Samdægurs voru kærendur að beiðni innflytjendayfirvalda vistaðir í lokaðri miðstöð fyrir hælisleitendur í nágrenni flugvallarins á meðan farið væri yfir fíngæsluumsókn þeirra. Kærendur báru þá ákvörðun undir dómstól sem staðfesti ákvörðunina. Meðan á vistuninni stóð var Renuka yfirheyrð af innflytjendayfirvöldum. Þar kvaðst hún hafa neyðst til að flýja frá heimalandi sínu sökum stöðugra ofsókna af hálfu lögreglu vegna þess að hún væri af tamílsku þjóðerni. Í febrúar 2009 höfnuðu innflytjendayfirvöld umsókn kæranda um hæli þar sem saga hennar um flóttu frá Sri Lanka þótt ótrúverðug.

Eftir að kærendur fréttu að til stæði að vísa þeim úr landi fóru þeir fram á að brottvísuninni yrði frestað þar til endanleg niðurstaða lægi fyrir í máli þeirra

3. gr. Bann við pyndingum

fyrir dómstólum. Á tímabilinu frá febrúar til loka maí 2009 var brottvísun kæranda úr landi frestað í þriggja. Á þessu tímabili sættu kærendur vistun í hælisleitendamiðstöðinni og voru ekki frjálsir ferða sinna. Eftir að kærendur höfðu sótt aftur um hæli og í ljósi þess að meðan farið væri yfir umsókn þeirra væri ekki hægt að vísa þeim úr landi var þeim heimilað að yfirgefa miðstöðina. Í september sama ár var kærendum veitt hæli í Belgíu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að vistun þeirra í hælisleitendamiðstöðinni gegn þeirra vilja í rúma fjóra mánuði hefði brotið gegn 3. gr. sáttmálans. Þá hefði vistunin ekki verið samkvæmt lögum og því einnig brotið gegn 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að Belgía hefði tvisvar áður brotið gegn 3. gr. sáttmálans með því að vista börn hælisleitenda í lokuðum hælisleitendamiðstöðvum. Í máli þessu hafði kærendum verið haldið föngnum í rúma 4 mánuði í miðstöð sem dómstóllinn hafði áður bent á að væri óviðeigandi þegar kæmi að vistun barna og ungmenna. Börnin höfðu komið úr slæmum aðstæðum í heimalandi sínu og voru í miklu ójafnvægi þegar þau komu til Belgíu. Varnarleysi þeirra jókst við það að seta handtöku við komuna til landsins og í kjölfarið lokaðri vistun svo mánuðum skipti. Þótt börnin hefðu verið í fylgd móður sinnar gat yfirvöldum ekki dulist að vistun þeirra í hælisleitendamiðstöðinni hlaut að hafa slæmar afleiðingar fyrir andlegt ástand þeirra og auka enn á varnarleysi þeirra. Að mati dómstólsins fól ákvörðun yfirvalda um vistun barnanna í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð og braut því gegn 3. gr. sáttmálans. Hvað varðaði móðurina benti dómstóllinn á að þótt hún hefði að öllum líkindum haft sömu upplifun og börn hennar af vistuninni hefði hún engu að síður haft börn sín hjá sér allan tímann og verið betur andlega í stakk búin en þau. Með hliðsjón af því taldi dómstóllinn að viðmiðunarmörkum þess hvað teldist ómannlega og vanvirðandi meðferð hefði ekki verið náð í hennar tilviki og því var ekki um að ræða brot á 3. gr. sáttmálans hvað hana snerti.

Dómstóllinn taldi að sú ákvörðun yfirvalda að vista kærendur í lokaðri miðstöð fyrir fullorðna ólöglega innflytjendur svo mánuðum skipti, þrátt fyrir að umsókn þeirra um hæli hefði verið til meðferðar hjá innflytjendayfirvöldum, hefði verið ólöglegt og falið í sér brot á 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Belgíu gert að greiða kærendum samtals 46.650 evrur í miskabætur og 4.000 evrur vegna málskostnaðar.

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Graziani-Weiss gegn Austurríki

Dómur frá 18. október 2011

Mál nr. 31950/06

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

14. gr. Bann við mismunun

Skipun lögráðamanns. Skyldur lögmanna. Staða lögmanna og annarra lögfræðinga.

1. Málsatvik

Kærandi, Wolfgang Graziani-Weiss, er austurrískur ríkisborgari, fæddur árið 1963 og er búsettur í Linz í Austurríki þar sem hann starfar sem lögmaður. Kæranda var tilkynnt í júlí árið 2005 að austurrískur dómstóll hygðist skipa hann lögráðamann K sem var andlega vanheill og átti enga aðstandendur sem hægt væri að skipa sem lögráðamann hans. Starf lögráðamanns var ólaunað. Kærandi mótmælti þessari fyrirætlun dómstólsins og kvaðst ekki hafa nægan tíma til að sinna skyldum lögráðamanns enda vildi hann verja tíma sínum með fjölskyldu sinni. Þá benti hann á að hann hefði hvorki reynslu af umönnun geðsjúkra né næga fjármuni til þess að greiða fyrir tryggingar sem K gat ekki greitt sjálfur. Dómstóllinn féllst ekki á þessi rök kæranda og skipaði hann lögráðamann K frá og með september 2005. Dómstóllinn benti á að það væri samfélagsleg skylda lögmanna, sem bundin væri í lög, að veita þeim þjóðfélagsþegnum sem verr stæðu lögfræðiaðstoð. Kærandi áfrýjaði ákvörðuninni þar sem hann taldi það fela í sér mismunun að aðeins lögmönnum en ekki öðrum lögfræðimenntuðum mönnum væru faldar slíkar samfélagslegar skyldur. Áfrýjun kæranda var vísað frá hæstarétti landsins árið 2006.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að skipun hans sem lögráðamanns gegn vilja hans væri nauðungarvinna sem bryti gegn 4. gr. sáttmálans. Þá væri það mismunun sem bryti gegn 14. gr. sáttmálans að aðeins lögmönnum en ekki öðrum löglærðum mönnum væri gert skylt að taka að sér lögráðamennsku.

Niðurstaða

Um 4. gr. Dómstóllinn leit svo á að kæranda hlyti að hafa verið ljóst þegar hann ákvað að gerast lögmaður að hann yrði mögulega skipaður lögráðamaður einhvern tíma á starfsævinni. Þetta fól að mati dómstólsins að vissu leyti í sér fyrirframsamþykki af hálfu kæranda. Slíkt verkefni væri innan starfssviðs lögmanna og fól að mati dómstólsins ekki í sér of þungbærar kvaðir. Þá voru þau mál sem kærandi hefði þurft að sinna fyrir K einföld og lítil í sniðum og fælu ekki í sér mikla skerðingu á einka- og fjölskyldulífi hans. Dómstóllinn

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

féllst því ekki á að það að þurfa að taka að sér starf lögráðamanns fæli í sér nauðungarvinnu og þar með brot á 4. gr. sáttmálans.

Um 14. gr. Dómstóllinn áréttaði að mismunun fæli í sér að komið væri fram við einstaklinga í sambærilegri stöðu á ólíkan hátt án lögmætrar ástæðu. Með því að skylda aðeins þá sem starfa sem lögmenn en ekki aðra löglærða til að taka að sér störf lögráðamanna væru gerðar meiri kröfur til þeirra fyrrnefndu. Hins vegar yrði að líta til þess að lögmenn hefðu ákveðnar skyldur og réttindi samkvæmt lögum sem aðrir löglærðir einstaklingar hefðu ekki. Dómstóllinn taldi því að þessar tvær stéttir væru ekki í sambærilegri stöðu hvað varðaði skyldur og réttindi og því væri heimilt að fela lögmönnum auknar skyldur sem rúmuðust innan þeirra starfssviðs. Niðurstaða dómstólsins var því sú að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr. sáttmálans.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Al-Jedda gegn Bretlandi – Yfirdeild

Dómur frá 7. júlí 2011

Mál nr. 27021/08

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Frelsisvipting. Ályktun öryggisráðs SP. Stofnskrá SP. Grunur um þátttöku í hryðjuverkastarfsemi.

1. Málsvik

Kærandi, Hilal Abdul-Razzaq Ali Al-Jedda, fæddur árið 1957, er íraskur ríkisborgari. Hann býr í Ístanbúl í Tyrklandi.

Kærandi fluttist til Bretlands árið 1992. Honum var veitt pólitískt hæli í landinu og ótímabundið dvalarleyfi. Hann fékk breskan ríkisborgararétt í júní árið 2000. Í september árið 2004 ferðuðust kærandi og fjögur börn hans til Íraks. Þar var kærandi handtekinn af bandarískum hermönnum, að beiðni breskra njósnastofnana, og hann loks vistaður í bráðabirgðafangabúðum breska hersins í borginni Basrah í Írak. Þar var honum haldið fongnum í þrjú ár eða til loka árs 2007. Bresk yfirvöld töldu þetta nauðsynlegt þar sem kærandi var grunaður um þátttöku í hryðjuverkastarfsemi í Írak. Þessar upplýsingar voru ekki bornar undir kæranda og hann var aldrei ákærður.

Breskir dómstólar töldu að ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1546, sem ætti stoð í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, kvæði á um skyldu ríkja til að fangelsa einstaklinga sem ógnuðu öryggi Íraks. Ályktunin gengi framár 5. gr. Mannréttindasáttmálans, sbr. 103. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, en síðarnefnda ákvæðið mælir fyrir um að verði árekstur milli skuldbindinga aðildarríkja að Sameinuðu þjóðunum samkvæmt stofnskránni og annarra alþjóðasamninga, skuli stofnskráin ganga framár. Kröfu kæranda

var því hafnað. Kærandi var sviptur breskum ríkisborgararétti með vísan til þess að hann hefði aðstoðað hryðjuverkamenn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að frelsissvipting hans frá 10. október 2004 til 30. desember 2007 hefði brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Óumdeilt var að frelsissvipting kæranda var ekki í samræmi við 5. gr. sáttmálans. Að mati dómstólsins þótti ljóst að bresk stjórnvöld báru ábyrgð á frelsissviptingu kæranda, en ekki Sameinuðu þjóðirnar eins og bresk yfirvöld héldu fram, enda höfðu Sameinuðu þjóðirnar ekki yfirráð yfir hersveitunum sem störfuðu í landinu og handtöku kæranda. Kærandi hefði verið í haldi breskra hermanna og á ábyrgð breska hersins.

Í ljósi þeirra markmiða sem bjuggu að baki stofnun Sameinuðu þjóðanna taldi dómstóllinn að túlka yrði ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þannig að þær samræmdust ákvæðum Mannréttinasáttmála Evrópu eftir því sem kostur væri á. Af þessum sökum yrðu ályktanir ráðsins ekki túlkaðar á þann veg að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna skyldu virða að vettugi ákvæði alþjóðlegra mannréttinasáttmála nema slíkt væri skýrlega tekið fram. Dómstóllinn taldi að ályktun öryggisráðsins númer 1546 hefði ekki lagt þá skyldu á Bretland að svipta þá einstaklinga sem gátu verið hættulegir öryggi Íraks frelsi ótímabundið og þess vegna væri ekki ósamræmi milli ályktunarinnar og 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Var því komist að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn umræddu ákvæði sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 25 þúsund evrur í miskabætur og 40 þúsund evrur í málskostnað. Einn dómari skilaði sératkvæði með annarri niðurstöðu.

De Donder og De Clippel gegn Belgíu

Dómur frá 6. desember 2011

Mál nr. 8595/06

Sjá reifun dómsins undir 2. gr.

Skylda til að vernda líf. Meðferðarúrræði. Vistun geðsjúks manns í fangelsi.

Kanagaratnam o.fl. gegn Belgíu

Dómur frá 13. desember 2011

Mál nr. 15297/09

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Hælisleitendur. Börn. Frelsisvipting.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sigma Radio Television Ltd. gegn Kypur

Dómur frá 21. júlí 2011

Mál nr. 32181/04 og 25122/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

Stjórnsýsluviðurlög. Réttlát málsmeðferð. Fjölmíðlar. Eftirlit með starfsemi.

1. Málsatvik

Kærandi, Sigma Radio Television Ltd., er fyrirtæki sem skráð er á Kypur. Það á sjónvarpsstöðina „Sigma TV“ og útvarpsstöðina „Radio Proto“.

Á árunum 2000 til 2002 lagði kypverska fjölmiðlaeftirlitið sektir á umrædda fjölmiðla vegna 27 mála sem eftirlitið hafði tekið til meðferðar annaðhvort að eigin frumkvæði eða eftir kæru. Málin vörðuðu auglýsingar sem beint var að börnum, lengd auglýsingatíma, auglýsingar í fréttatímum og gamanþáttum, hlutdrægni fréttamanna, sýningar á efni sem ekki þótti við hæfi barna og unglinga og ummæli í skemmtiþætti sem lýstu kynþáttafordómum.

Kærandi skaut ákvörðununum til dómstóla og krafðist ógildingar á þeim. Hann hélt því fram að fjölmiðlaeftirlitið hefði í senn rannsakað málið, borið í því vitni, ákært og dæmt. Einnig hefðu sektirnar runnið í sjóði þess. Málsmeðferðin hefði því ekki verið réttlát. Fjölmiðlaeftirlitið hefði auk þess haft reglusetningarvald og vald til að leggja á refsikennd viðurlög og hefði þannig valdheimildir sem einungis ríkið sjálft gæti farið með. Hæstiréttur Kypur hafnaði kröfum kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi hélt því fram að meðferð málsins hjá fjölmiðlaeftirlitinu og niðurstöður þess hefðu brotið gegn réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn taldi að sumar þeirra athugasemda sem kæra kæranda byggði á hefðu komið fram of seint undir rekstri málsins en aðrar hefði ekki verið látið á reyna fyrir kypverskum dómstólum. Þótt samþjöppun verkefna á hendur eins eftirlitsaðila gæfi almennt tilefni til þess að hafa áhyggjur af því á skorti að málsmeðferð væri réttlát hefðu kypverskir dómstólar tekið þetta álitaefni til skoðunar. Sú skoðun hefði leitt í ljós að málsmeðferðin hefði verið réttlát en dómstólar hefðu ella haft vald til að ógilda ákvarðanir kypverska fjölmiðlaeftirlitsins. Í ljósi þeirrar endurskoðunar sem fram fór fyrir Hæstarétti Kypur taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Um 10. gr.: Dómstóllinn taldi að aðgerðir yfirvalda hefðu verið í samræmi við meðalhöf að teknu tilliti til þeirra markmiða sem bjuggu að baki þeim. Dómstóllinn sá einungis ástæðu til að fjalla efnislega um sekt sem var lögð á kæranda vegna ummæla sem lýstu kynþáttafordómum sem komu fram í skemmtiþætti, en kærán var að öðru leyti ekki tæk til efnismeðferðar. Ekki var talið að yfirvöld á Kýpur hefðu farið út fyrir svigrúm sitt til mats við úrlausn þess hvort sekta bæri kæranda fyrir þau ummæli. Í ljósi þessa hafði ekki verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

OAQ Neftýana kompaniya Yukos gegn Rússlandi

Dómur frá 20. september 2011

Mál nr. 14902/04

Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka

Tími til að undirbúa vörn. Skattaviðurlög. Fyrningarfrestur. Afturvirkni. Tilgangur takmarkana á réttindum.

Fexler gegn Svíþjóð

Dómur frá 13. október 2011

Mál nr. 36801/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Stjórnsýsludómstólar. Sjúkratryggingar. Munnlegur málflutningur.

1. Málsatvik

Kærandi, Monica Fexler, er sænskur ríkisborgari. Hún fæddist árið 1949 og er búsett í bænum Hallabro í Svíþjóð. Kærandi hefur um árabil þjáðst af ýmsum afleiðingum krabbameinsmeðferðar sem hún gekkst undir. Hún hefur þurft að vera frá vinnu að öllu leyti frá árinu 2000. Auk þess hefur hún þurft að bera ýmsan kostnað, m.a. vegna lyfjakaupa og ferðalaga vegna meðferðarinnar. Hún sótti um sjúkrabætur frá tryggingastofnun en beiðni hennar var hafnað þar sem talið var að hún gæti notið fjárhagsstuðnings frá eiginmanni sínum. Kærandi kærði ákvörðun tryggingastofnunar til stjórnsýsludómstóls þar sem hún taldi útreikninga stofnunarinnar ranga. Stjórnsýsludómstóllinn staðfesti ákvörðun tryggingastofnunar og taldi að kærandi ætti ekki rétt á frekari sjúkrabótum. Kærandi áfrýjaði málinu í kjölfarið til áfrýjunardómstóls stjórnsýslumála og fór fram á að munnlegur málflutningur færi fram í málinu þar sem varpa þyrfti ljósi á ýmsa þætti þess. Áfrýjunardómstóllinn hafnaði þessari kröfu kæranda og staðfesti niðurstöðu stjórnsýsludómstólsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að hafna beiðni hennar um munnlegan málflutning í máli hennar hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um réttinn til opinberrar málsmeðferðar fyrir dómstóli.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttar að rétturinn til opinberrar málsmeðferðar fyrir dómstól á fyrsta dómstigi eða í tilvikum þar sem aðeins væri eitt dómstig fæli jafnframt í sér rétt til munnlegrar málsmeðferðar nema sérstakar aðstæður réttlættu annað. Við mat á því hvort skilyrði til undanþágu frá meginreglunni um munnlegan málflytning væru fyrir hendi bæri að líta til eðlis máls hverju sinni. Dómstóllinn vísaði til fyrri fordæma sinna þar sem staðfest hafði verið að þegar kæmi að málum varðandi bætur og sjúkratryggingar sem yfirleitt væru mjög tæknilegs eðlis og þar sem niðurstaðan réðist oftast en ekki á skýrslum lækna væri skrifleg málsmeðferð jafnan hentugri en munnleg. Þar sem slík mál væru algeng og oftast en ekki af svipuðum toga fylgdi því einnig mikið hagræði að hægt væri að leysa úr þeim án munnlegrar málsmeðferðar. Í máli kæranda var óumdeilt að munnleg málsmeðferð hefði ekki farið fram á neinu dómstigi. Kærandi hafði hins vegar aðeins farið fram á munnlega málsmeðferð á síðari dómstigum. Sú staðreynd að kærandi hafði ekki krafist þess að munnlegur málflytningur færi fram á fyrri dómstigum gat að mati dómstólsins falið í sér ákveðið afsal kæranda á rétti sínum að þessu leyti. Ástæða þess að kærandi fór fram á munnlega málsmeðferð var að hún vildi varpa ljósi á ýmis vafaatriði í málinu. Hún hafði ekki farið fram á að ný sönnunargögn yrðu lögð fram eða munnlegar skýrslur teknar af sérfræðingum. Að mati dómstólsins hafði kæranda verið í lófa lagið að varpa ljósi á umrædd vafaatriði með því að leggja fram frekari gögn. Með hliðsjón af þessu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ákvörðun áfrýjunardómstólsins um að hafna beiðni kæranda um munnlega málsmeðferð hefði ekki falið í sér brot á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Andrejev gegn Eistlandi

Dómur frá 22. nóvember 2011

Mál nr. 48123/07

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að halda uppi vörnum í sakamáli. Lögmenn. Áfrýjunarfrestur. Endurupptaka máls.

1. Málsatvik

Kærandi, Sergei Andrejev, er fæddur árið 1961. Hann afplánar fangelsisdóm í Eistlandi. Í nóvember 2006 var hann dæmdur af dómstól í Eistlandi í níu ára fangelsi fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn ungri dóttur sinni á árunum 2001 til 2005. Kærandi áfrýjaði dóminum og óskaði eftir því að lögmaðurinn B færi með mál hans fyrir áfrýjunardómstólnum. Þegar B sá sér ekki fært að vera viðstaddur aðalmeðferð fyrir áfrýjunardómstólnum var lögmaðurinn K skipaður verjandi kæranda.

Áfrýjunardómstóll staðfesti fyrri niðurstöðu í máli kæranda. Kærandi gerði sjálfur tilraun til að áfrýja dóminum til Hæstaréttar Eistlands en fór þess einnig á leit við lögmanninn B að hann áfrýjaði fyrir sína hönd. B upplýsti

kærandi um að hann yrði að fá lögmanninn K til að áfrýja málinu þar sem sá lögmaður hefði farið með mál hans fyrir áfrýjunardómstólnum. Svo fór að K áfrýjaði málinu fyrir hönd kærandi eftir að áfrýjunarfrestur var liðinn. Áfrýjun kærandi sjálfs var hafnað enda gat einungis K áfrýjað fyrir hans hönd. Hæstiréttur Eistlands hafnaði beiðnum K og kærandi um að veitt yrði undanþága frá kærufrestinum.

Kærandi kvartaði til eistneska lögmannafélagsins yfir því hvernig lögmennirnir B og K hefðu haldið utan um mál hans. Úrskurðarnefnd félagsins komst að þeirri niðurstöðu að K hefði vanrækt skyldur sínar og siðareglur lögmanna gagnvart kærandi. Fékk K áminningu vegna þessa.

Kærandi fékk aðstoð lögmanns til að óska eftir endurupptöku máls síns fyrir Hæstarétti Eistlands. Kostnaður kærandi vegna þessa var greiddur af eistneska ríkinu. Beiðni kærandi um endurupptöku var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. sáttmálans þar sem honum hefði ekki verið útvegaður lögmaður sem gætti hagsmuna hans með fullnægjandi hætti. Kærandi hefði gert allt sem í hans valdi stóð til að áfrýja málinu en það hefði ekki tekist. Máli hefði skipt að K var fenginn til þess að verja kærandi með skömmum fyrirvara af áfrýjunardómstólnum sem fjallaði um mál kærandi.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að úrskurðarnefnd um störf lögmanna í Eistlandi hefði komist að þeirri niðurstöðu að K hefði brugðist skyldum sínum með því að vanrækja að áfrýja máli kærandi til Hæstaréttar Eistlands. Í ljósi þess sjálfstæðis sem lögmannastéttin nyti gæti það ekki verið á ábyrgð aðildarríkjanna ef lögmenn gerðu mistök sem leiddu til réttindamissis borgaranna. Aftur á móti væri það á ábyrgð ríkjanna að sjá til þess að til staðar væri fullnægjandi kerfi sem væri svo búið að réttindi borgaranna væru tryggð. Dómstóllinn benti á í þessu samhengi að kærandi hafði átt möguleika á að fá afstöðu úrskurðaraðila til starfa K. Þetta úrræði sem kærandi bauðst hefði á hinn bóginn haft þann ágalla að ekki var hægt að bæta fyrir þau mistök sem orðið höfðu, t.a.m. með því að framlengja áfrýjunarfrestinn í máli kærandi.

Í ljósi þessa, og þrátt fyrir að kærandi hefði ekki þurft að greiða fyrir aðstoð lögmanns við endurupptökumeðferðina, taldi dómstóllinn að vanræksla lögmannsins K og takmörkuð úrræði í eistneskum lögum til að bregðast við vanrækslunni fælu í sér brot gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kærandi voru dæmdar 1.000 evrur í miskabætur.

7. gr. Engin refsing án laga

Soros gegn Frakklandi

Dómur frá 6. október 2011

Mál nr. 50425/06

7. gr. Engin refsing án laga

Skýrleiki lagaheimilda. Innherjaviðskipti.

1. Málsatvik

Kærandi, George Soros, er bandarískur ríkisborgari, fæddur árið 1930 og búsettur í New York. Árið 1988 stofnaði hann vogunarsjóð og átti í kjölfarið fundi með nokkrum fjárfestum í New York. Einn þessara fjárfesta tilkynnti kæranda að hann hygðist kaupa upp hluti í stórum frönskum banka með því koma með yfirtökutilboð. Bauð hann kæranda að taka þátt í þessum áformum sínum en kærandi hafnaði því tilboði. Nokkrum dögum síðar fjárfesti kærandi í fjórum nýlega einkavæddum frönskum fyrirtækjum, þar á meðal umræddum banka, fyrir alls 50 milljónir dollara. Vogunarsjóður kæranda keypti síðar aukinn hlut í bankanum og seldi aftur með rúmlega 2,28 milljóna dollara hagnaði. Í febrúar 1989 hóf franska fjármálaeftirlitið rannsókn á viðskiptum kæranda vegna gruns um hugsanleg innherjaviðskipti. Í kjölfar rannsóknarinnar gaf saksóknari út ákæru á hendur kæranda þar sem honum var gefið að sök að hafa nýtt sér innherjaupplýsingar við kaup og sölu á hlutum í bankanum. Fyrir rétti bar kærandi því við að þar sem franska löggjöfin um innherjaviðskipti væri mjög óskýr og ófyrirsjáanleg hefði hann ekki getað áttað sig á að háttsemi hans varðaði við það ákvæði sem ákært var fyrir brot á eða önnur lög. Dómstóllinn féllst ekki á þessar röksemdir kæranda og var hann sakfelldur fyrir innherjasvik og til greiðslu 2,2 milljóna evra sektar. Áfrýjunardómstóll staðfesti þessa niðurstöðu árið 2007 en lækkaði sektina niður í 940.000 evrur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn réttindum hans samkvæmt 7. gr. sáttmálans. Annars vegar væri franska löggjöfin varðandi innherjaviðskipti mjög óskýr og hins vegar hefðu franskir dómstólar átt að beita reglum Evrópuréttar í málinu, en ekki frönskum réttarreglum, þar sem þær fyrirnefndu væru mun skýrari.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að þar sem lög þyrftu að hafa almennt gildissvið væri orðalag þeirra oft almennt og opið fyrir túlkun. Hvað varðaði fyrirsjáanleika lagaákvæða þyrfti að líta til þess á hvaða sviði löggjöfin væri. Gera yrði kröfu um að atvinnufjárfestar líkt og kærandi þekktu til þeirrar löggjafar sem þeim var gert að starfa eftir og vöruðust að brjóta ekki gegn henni. Dómstóllinn féllst á að skilgreining franskra laga á hugtakinu „innherji“ væri almenn. Þrátt

7. gr. Engin refsing án laga

fyrir þetta hefðu franskir dómstólar á öllum dómstigum litið svo á að kæranda hefði átt að vera ljóst að honum væri óheimilt að fjárfesta í bankanum eftir að hafa fengið upplýsingar um fyrirhugaða yfirtöku frá innherja innan bankans. Sú staðreynd að kærandi var fyrsti sakborningurinn í franskri réttarsögu sem dæmdur var fyrir innherjaviðskipti án þess að starfa eða tengjast beint því félagi sem hann átti viðskipti með breytti engu í þessum efnum enda hefði sambærilegt mál ekki áður komið fyrir franska dómstóla. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að kærandi hefði átt að geta gert sér grein fyrir því að hann væri að brjóta frönsk lög með umræddum fjárfestingum sínum enda hefði löggjöfin bæði verið nægilega skýr og beiting hennar fyrirsjáanleg. Var því ekki fallist á að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 7. gr. sáttmálans.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Schneider gegn Þýskalandi

Dómur frá 15. september 2011

Mál nr. 17080/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Faðerni. Umgengnisréttur.

1. Málsatvik

Kærandi, Michael Schneider, er þýskur ríkisborgari fæddur árið 1958. Hann býr í Fulda í Þýskalandi. Hann var á tímabili í ástarsambandi við gifta konu, H, og telur sig vera kynföður sonar hennar F sem fæddist árið 2004. Eiginmaður H er faðir F samkvæmt lögum. H og eiginmaður hennar viðurkenndu að mögulegt væri að F sé sonur kæranda en neituðu að láta framkvæma faðernispróf á F. Samkvæmt þýskum lögum á kærandi hvorki rétt á að láta reyna á faðerni F fyrir dómstólum eða með öðrum úrræðum né rétt á upplýsingum um hann eða umgengni við hann. Var kröfum kæranda þess efnis því hafnað af þýskum dómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem honum hefði verið neitað um umgengni við F. Kærandi reisti kæru sína sérstaklega á því honum væri ókleift að láta kanna raunverulegt faðerni F eða hvað væri hagsmunum F fyrir bestu. Hann hélt því einnig fram að sér hefði verið mismunað og brotið hefði verið gegn 8. gr., sbr. 14. gr., sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að ekki væri hægt að útiloka að réttur kæranda til fjölskyldulífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans hefði verið takmarkaður. Lítið var til þess að þótt kærandi og H hefðu aldrei búið saman hefðu þau verið í rúmlega árs löngu sambandi sem ekki hefði verið tilviljanakennt. Kærandi hefði sýnt áhuga á fæðingu F, enda hefði hann skipulagt barneignina með H, fylgt henni í lækni skoðanir vegna þungunarinnar og haldið fram faðerni sínu áður en F fæddist. Í öllu falli varðaði sú spurning, hvort kærandi ætti að fá að njóta umgengni við F og fá upplýsingar um hagi hans, einkalíf kæranda sjálfs í skilningi 8. gr.

Talið var að takmörkunin á réttindum kæranda hefði stefnt að því lögmæta markmiði að tryggja hagsmuni annarra, þ.e. hagsmuni hjóna og barna þeirra sem byggju með þeim.

Aftur á móti taldi dómstóllinn að þýskir dómstólar hefðu ekki gætt meðalhófs við takmörkun á réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. Dómstóllinn leit til þess að þýskir dómstólar hefðu neitað að skoða mál kæranda vegna þess eins að hann var ekki faðir F samkvæmt lögum og að þess vegna hefði aldrei verið framkvæmt mat á þeim hagsmunum sem vógust á í málinu. Dómstóllinn vísaði til fordæmis dómstólsins þar sem þýskir dómstólar voru taldir hafa brotið á réttindum kynföður barns en í því tilviki hafði verið vísað til þess að kynfaðirinn hefði ekki haft nein önnur tengsl við son sinn. Dómstóllinn féllst á að innanlandsdómstólar væru betur til þess fallnir en alþjóðlegur dómstóll að meta hvort hagsmunir barna stæðu til að eiga samband við kynföður sína, vegna nálægðar þeirra við atvik máls og aðila þess. Í ljósi þess hversu margbreytilegar aðstæður geta verið frá einni fjölskyldu til annarrar í málum af þessum toga, þarfnadist mat á því hvernig hagsmunir aðila vegast á gaumgæfilegrar skoðunar í hverju og einu tilviki. Í máli kæranda hefðu dómstólar hins vegar ekki sinnt þeirri skyldu að leggja slíkt mat á sérstök atvik þess. Var því talið að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans. Ekki þótti ástæða til að fjalla um það hvort brotið hefði verið gegn 8. gr. og 14. gr. sáttmálans saman.

Kæranda voru dæmdar 5 þúsund evrur í miskabætur og 10 þúsund evrur í málskostnað.

H gegn Íslandi

Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 27. september 2011

Mál nr. 29785/07

3. gr. Bann við pyndingum

8 gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Rannsókn vegna nauðgunar. Endurupptaka. Kærufrestur til Mannréttinda-dómstólsins.

1. Málsvik

Kærandi, H, er íslenskur ríkisborgari fædd 1982. Hinn 8. nóvember 2002 sótti hún afmælisveislu í Reykjavík en fór síðan ásamt föður sínum á veitingahús í Reykjavík. Faðir hennar keypti handa henni bjór, sem hún skildi eftir á borði og missti sjónar á meðan hún dansaði. Það næsta sem kærandi mundi var að hún vaknaði upp við hliðina á ókunnum manni, J, í ókunnu húsi og blóðug á kynfærum vegna áverka. Hún vissi ekki hvernig hún hefði endað meidd í rúmi J. Sama morgun fór hún á Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi, þar sem gerð var rannsókn á kæranda og skýrsla um áverka hennar.

Þann 10. nóvember lagði kærandi fram kærú hjá lögreglu á hendur J vegna nauðgunar. Við skýrslutökur af henni hjá lögreglu kom fram að hún hefði drukkið bjór á veitingahúsinu og síðan farið að dansa við ókunnan mann sem var J. Það næsta sem hún mundi var að hún vaknaði upp í rúmi hans morguninn eftir. Þann 11. nóvember tók lögreglan skýrslu af J. Hann lýsti því að hafa dansað við kæranda á veitingastaðnum. Síðan hefðu þau farið saman á salerni á staðnum og verið að kyssast þar þegar dyravörður rak þau út. Þá hefðu þau farið saman heim til J en ekki haft kynmök þar sem hann hélt að hún væri með tíðablæðingar. J sagðist ekki geta skýrt út áverka á kynfærum, hnjám og lærum kæranda. DNA-sýni voru tekin af J. Lögregla tók skýrslu af umræddum dyraverði veitingahússins og sagðist hann tvisvar hafa haft afskipti af kæranda og J í klefa á salerni veitingahússins og tók þá eftir því að kærandi var blóðug á höndum og einnig var blóð á gólfi og veggjum. Hann bauðst til að kalla á sjúkrabíl, en kærandi svaraði engu og J neitaði. Dyravörðurinn taldi að kærandi hefði verið mjög ölvuð en J ekki mikið ölvuður. Lögregla gerði leit á heimili J og tók fleiri skýrslur af honum og kæranda svo og nokkrum vitnum sem höfðu verið með kæranda fyrri hluta umrædds kvöld. Rannsókuð voru sýni sem tekin voru af kæranda þegar hún kom á Neyðarmóttöku að morgni 9. nóvember. Bentu niðurstöður rannsóknar um hlutfall etanóls í blóði og þvagi til þess að kærandi hefði verið undir verulegum áhrifum áfengis nokkrum klukkustundum áður en sýni voru tekin. Ekki greindust önnur lyf í mælanlegu magni í sýnunum. Úr sýnum sem tekin voru af kæranda og fatnaði hennar á sama tíma greindust engar sæðisfrumur eða lífsýni úr J.

Hinn 6. ágúst 2003 tilkynnti ríkissaksóknari kæranda og J að í ljósi sönnunargagna, sem ekki nægðu til þess að ná fram sakfellingu fyrir nauðgun, væri málið fellt niður og með bréfi til kæranda frá 28. ágúst var sú ákvörðun rökstudd nánar. Var þar einkum vísað til þess að kærandi bæri við minnisleysi um atvik. Rannsókn á sýnum úr blóði og þvagi benti til þess að hún hefði verið undir verulegum áhrifum áfengis en ekki væri leitt í ljós að kærandi hefði neytt lyfja sem slævt gætu dómgreind. Þá yrði ekki annað ráðið af atvikum en að kærandi hefði þegar hlotið áverka á kynfærum inni á veitingahúsinu áður en hún fór heim með kæranda. Ekki hefðu fundist nein merki um sæði í þeim lífsýnum sem tekin voru hjá kæranda og studdi það framburð J um

að hann hefði ekki haft samfarir við kæranda, þótt hann kannaðist við aðrar kynferðisathafnir þeirra á milli inni á veitingahúsinu.

Kærandi gekkst undir lýtaaðgerð í mars 2006 vegna áverka á ytri kynfærum. Í vottorði sálfræðings dags. 10. apríl sama ár kom fram að kærandi sýndi mörg einkenni streitu og áfalls sem dæmigerð væru fyrir förnarlömb kynferðislegs ofbeldis. Þann 29. júní 2006 lagði kærandi fram beiðni til ríkissaksóknara um að málið yrði endurupptekið. Var bent á að verulegir annmarkar hefðu verið á rannsókninni og að málið hefði ekki hlotið forgang hjá lögreglunni. Þá fylgdu beiðninni gögn sem vottuðu um sálfræðimeðferð sem kærandi hefði gengist undir síðan atvikið átti sér stað og vottorð um alvarlegar andlegar og líkamlegar afleiðingar hinnar meintu nauðgunar. Hinn 23. ágúst 2006 hafnaði ríkissaksóknari beiðni kæranda. Í bréfi sínu skýrði ríkissaksóknari lagalegar forsendur endurupptöku, að ekki væri unnt að taka upp mál að nýju nema ný sönnunargögn hefðu komið fram eða væru líkleg til að koma fram. Hann taldi að þau gögn sem fylgdu beiðni kæranda geymdu fyrst og fremst frekari lýsingu á andlegu ástandi hennar. Þótt vafalaust mætti rekja það til atvikanna 9. nóvember 2002 vörpuðu þessi gögn ekki skýrara ljósi á það sem gerðist í samskiptum kæranda og J umrædda nótt. Kærandi kærði neitun ríkissaksóknara um að endurupptaka málið til dómsmálaráðuneytisins og krafðist þess jafnframt að ráðuneytið bætti kæranda það tjón sem hún hefði beðið. Ráðuneytið hafnaði kröfu kæranda um að fella ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi þann 6. október 2006 þar sem ekki væri sýnt fram á að ákvörðunin væri lögum andstæð eða fjarstæð að öðru leyti eins og skilyrði 26. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 voru orðuð. Þá vísaði ráðuneytið kröfunni um bætur til ríkislögmans. Þann 29. desember 2006 hafnaði ríkislögmaður kröfu kæranda um bætur þar sem engar lagalegar forsendur væru til að verða við henni, m.a. með vísan til fordæmis Hæstaréttar um bótarétt við slíkar aðstæður.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Mannréttindadómstólnum barst kæra kæranda 29. júní 2007. Kærandi taldi að annmarkar á rannsókninni vegna nauðgunarkæru hennar frá 2002 væru svo alvarlegir og að á lögunum og framkvæmd þeirra og beitingu í málinu væru svo verulegir ágallar að telja yrði að íslenska ríkið hefði brotið gegn jákvæðum skuldbindingum sínum samkvæmt 3., 8. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn hafnaði þeim rökum íslenska ríkisins að með því að kærandi hefði látið undir höfuð leggjast að höfða einkamál gegn J hefði hún ekki leitað til hlítar leiðréttingar í heimalandinu. Taldi dómstóllinn að sú ráðstöfun hefði ekki getað leiðrétt það sem kæra hennar fjallaði um sem varðaði fyrst og fremst skort á árangursríkri lögreglurannsókn.

Hins vegar léki meiri vafi á því hvort kærandi gæti talist hafa virt sex mánaða kærufrest samkvæmt 1. mgr. 35. gr. sáttmálans, frá því að fullnaðar-ákvörðun var tekin í máli hennar. Dómstóllinn benti á að 6. ágúst 2003 hefði ríkissaksóknari, æðsta ákærvald landsins, ákveðið að hætta rannsókninni í ljósi tiltækra sönnunargagna, sem ekki voru talin nægileg til þess að ná fram sakfellingu fyrir nauðgun. Að beiðni kæranda hefði ríkissaksóknari veitt rökstuðning fyrir ákvörðuninni hinn 28. ágúst 2003. Að mati dómstólsins bæri að líta á þessa ákvörðun sem lokaákvörðun til útreiknings á sex mánaða frestinum samkvæmt 1. mgr. 35. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að ákvarðanir, sem teknar voru eftir það vegna beiðni kæranda um endurupptöku rannsóknarinnar, gætu ekki talist með við útreikning á sex mánaða kærufrestinum. Þótt staðhæfingar kæranda með vísan til mannréttindasáttmálans vörðuðu að efni til ýmsa annmarka á lögreglu-rannsókn sem var felld niður í ágúst 2003, yrði ekki séð að forsendurnar, sem gefnar voru fyrir endurupptöku, hafi verið með þeim hætti að þær gætu með árangursríkum og fullnægjandi hætti leitt til leiðréttingar á þeim annmörkum. Ennfremur barst beiðnin um endurupptöku ekki fyrr en tveimur árum og tíu mánuðum eftir ákvörðunina frá ágúst 2003 um að fella niður rannsóknina.

Í þessu samhengi vísaði dómstóllinn til rötgróinnar framkvæmdar sinnar um að beiðni um endurupptöku máls eða sambærileg óvenjuleg úrræði gætu almennt ekki komið til álita við mat á fresti samkvæmt 1. mgr. 35. gr. sáttmálans. Þótt stofnanir mannréttindasáttmálans hefðu í undantekningartilvikum sýnt ákveðinn sveigjanleika um þetta atriði í fortíðinni sæi dómstóllinn ekki ástæðu til þess að víkja frá þessari reglu í máli kæranda.

Hvað sem því liði hefði kærandi auk þess lagt fram kæru sína samkvæmt sáttmálanum meira en sex mánuðum eftir ákvörðun ríkissaksóknara frá 23. ágúst 2006, um að hafna bæri beiðni kæranda um endurupptöku og svar ráðuneytisins frá 6. október 2006. Eina ákvörðunin í heimalandinu, sem hefði verið tekin minna en sex mánuðum fyrir framlagningu kærunnar væri ákvörðun ríkislögmanns frá 29. desember 2006. Eins og sjá mætti af þeirri ákvörðun, vitnaði ríkislögmaður hins vegar til ákvörðunar hæstaréttar frá 2001, þar fram kom að brotþoli hefði ekki réttarstöðu samkvæmt íslenskum lögum til þess að krefjast bóta frá ríkinu vegna athafna eða athafnaleysis saksóknara í opinberu máli, þar sem hinn síðarnefndi nyti óskoraðs sjálfstæðis í slíkum málum. Kærandi virtist ekki byggja á því í kæru sinni að þetta hafi ekki verið réttur skilningur á íslenskum rétti, sem í gildi var á viðkomandi tíma. Ákvörðunin um bótakröfu hennar leiddi þess vegna ekki af beitingu raunhæfs úrræðis og gæti því ekki komið til álita við ákvörðun sex mánaða kærufrests.

Í ljósi þessa væri ekki að sjá að nein þeirra ákvarðana sem kærandi vísaði til gæti markað nýtt upphaf sex mánaða kærufrestsins, sem hófst í ágúst 2003. Af því leiddi að kærinni bæri að hafna á þeim forsendum að hún vær ómeðferðarhæf skv. 1. og 4. mgr. 35. gr. sáttmálans. Var kæran því lýst ótæk til meðferðar.

Bah gegn Bretlandi

Dómur frá 27. september 2011

Mál nr. 56328/07

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Útlendingar. Börn. Félagsleg aðstoð.

Genovese gegn Möltu

Dómur frá 11. október 2011

Mál nr. 53124/09

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Ríkisborgararéttur. Börn fædd utan hjónabands.

Trabelsi gegn Þýskalandi

Dómur frá 13. október 2011

Mál nr. 41548/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Alvarleg afbrot. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, Mourad Ben Khemais, er túnískur ríkisborgari. Hann fæddist í Þýskalandi árið 1983 og hefur verið búsettur þar ásamt fjölskyldu sinni alla tíð síðan. Kærandi var dæmdur 9 sinnum á árunum 1998-2003 fyrir ýmis afbrot, m.a. vopnað rán og vörslu fíkniefna. Árið 2002 var honum tilkynnt að frekari brot myndu leiða til brottvísunar hans frá Þýskalandi. Ári síðar hlaut kærandi 4 ára dóm vegna ýmissa brota. Árið 2004 var kæranda vísað úr landi á grundvelli innflytjendalöggjafar landsins en samkvæmt henni bar að vísa hverjum þeim innflytjanda sem dæmdur hafði verið til meira en 3 ára fangelsisvistar úr landi. Ákvörðunin skyldi taka gildi frá þeim tíma sem kærandi losnaði úr fangelsi. Yfirvöld töldu þjóðfélagslega hagsmuni af því að vísa kæranda úr landi vega þyngra en hagsmuni kæranda að fá að búa áfram í landinu. Áfrýjunum kæranda vegna þessarar ákvörðunar var hafnað af stjórnlagadómstól Þýskalands. Dómstóllinn taldi brottvísun hans vera í samræmi við meðalhóf enda þjónaði hún almannahagsmunum. Árið 2008 dæmdi héraðsdómur kæranda til greiðslu sekta vegna vopna- og fíkniefnalagabrota. Þá var einnig gefin út ákæra á hendur honum vegna líkamsárásar, eignaspylla og frekari vopnalagabrota. Enn hefur ekki fallið dómur í umræddum málum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að vegna sterkra félagslegra tengsla sinna við Þýskaland hefðu þýsk yfirvöld með brottvísuninni brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Hann benti á að hann hefði engin tengsl og ætti enga fjölskyldumeðlimi í Túnis

og að öll þau brot sem hann hefði verið dæmdur fyrir hefðu verið framin á unglingsárum hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að þótt ákvörðunin um að vísa kæranda úr landi fæli í sér skerðingu á friðhelgi fjölskyldulífs og einkalífs hans hefði hún haft lagastoð í landsrétti og verið vægasta leiðin til að ná fram þeim lögmætu hagsmunum sem stefnt var að, þ.e. að koma í veg fyrir frekari afbrot af hálfu kæranda í Þýskalandi. Dómstóllinn áréttaði að fjölmörg Evrópuríki hefðu sett sambærileg lög sem heimiluðu brottvísun innflytjenda sem dæmdir hefðu verið fyrir alvarleg brot. Ljóst væri að 8. gr. sáttmálans verndaði ekki afdráttarlaust einstaklinga frá því að vera vísað úr landi hefðu þeir myndað ákveðin tengsl við landið eins og kærandi. Þá bar að líta til þess að kærandi hafði hvorki sótt um framlengingu á landvistarleyfi sínu sem rann út árið 2002 né hafði hann sótt um að öðlast þýskan ríkisborgararétt. Þau brot sem kærandi var dæmdur fyrir höfðu auk þess verið alvarleg og sum þeirra framdi hann á fullorðinsaldr eftir að hann hafði verið varaður við hugsanlegum afleiðingum þeirra. Dómstóllinn féllst ekki á þær fullyrðingar kæranda að hann hefði engin tengsl við Túnis enda varð ekki séð að hann hefði myndað nein tengsl við Þýskaland fyrir utan fjölskyldutengsl sín. Niðurstaða dómstólsins var með hliðsjón af framangreindu sú að þýsk yfirvöld hefðu ekki brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Khelili gegn Sviss

Dómur frá 18. október 2011

Mál nr. 16188/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Lögregluskýrslur. Skráning persónuupplýsinga. Krafa um að eyða skráningu.

1. Málsvik

Kærandi, Sabrina Khelili, er franskur ríkisborgari, fædd árið 1959 og búsett í bænum Saint Priest í Frakklandi. Árið 1993 var hún stöðvuð við umferðar-eftirlit í Genf og fundu lögreglumenn nafnspjöld í farangri hennar með áletruninni „indæl og sæt kona á fertugsaldri hefur áhuga á að kynnast manni til að fara með á stefnumót, símanúmer: ...“. Í kjölfar þessa skráðu lögreglufyrirvöld í Genf nafn hennar í gagnagrunni sínum með merkingunni „vændiskona“ þótt hún hefði neitað þeim ásökunum. Lögreglufyrirvöld bentu henni á að þeim væri heimilt að skrá slíkar upplýsingar á grundvelli svissneskra laga um meðferð persónuupplýsinga. Vegna þessara upplýsinga synjuðu svissnesk innflytjendayfirvöld kæranda um búsetuleyfi í landinu í 2 ár. Árið 2003 komst kærandi að því að hún væri ennþá á skrá svissneskra lögreglufyrivalda yfir vændiskonur. Kæranda var tilkynnt árið 2005 að orðið vændiskona hefði verið tekið úr skráum lögreglu í samræmi við óskir hennar. Lögreglufyrirvöld neituðu hins vegar að lagfæra eldri lögregluskýrslur um kæranda þar sem hún var titluð sem

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

vændiskona. Kærandi var ósátt við þessa ákvörðun þar sem hún taldi að slíkar skýrslur gætu haft neikvæð áhrif á atvinnumöguleika til framtíðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ákvörðun lögregluþingvalda að hafna beiðni hennar um að eyða úr lögregluskýrslum tilvísun til þess að hún væri vændiskona bryti gegn 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á lögregluþingvöldum hefði verið heimilt samkvæmt lögum að skrá upplýsingar um kæranda í því markmiði sem lýst er í 2. mgr. 8. gr. að koma í veg fyrir glæpi og vernda almannahagsmuni. Þrátt fyrir að lögregluþingvöld hefðu tekið út úr gagnagrunni sínum tilvísun til þess að kærandi starfaði sem vændiskona hefðu þau ekki orðið við óskum hennar um að afmá slíkar tilvísanir úr lögregluskýrslum um kæranda. Slík vistun upplýsinga sem ekki áttu við rök að styðjast gat haft mjög neikvæð áhrif á mannorð og daglegt líf kæranda. Það sama átti við um atvinnumöguleika hennar enda var lögregluþingvöldum skylt samkvæmt lögum að veita ákveðnum aðilum aðgang að upplýsingunum. Kærandi hafði því mikla hagsmuni af því að lögregluþingvöld lagfærðu þær skýrslur er vörðuðu hana. Kærandi hafði aldrei verið sakfelld fyrir vændi eða vændisstarfsemi heldur voru umræddar skýrslur til komnar vegna hótana og annarra brota sem voru ótengd vændi. Dómstóllinn taldi að ákvörðun lögregluþingvalda að halda til haga röngum upplýsingum um kæranda í skýrslum sínum hefði hvorki verið réttlætanleg vegna almannahagsmuna né nauðsynleg í lýðræðissamfélagi og því var brotið gegn réttindum hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Sviss gert að greiða kæranda 15.000 evrur í miskabætur en dómstóllinn hafnaði kröfum hennar um málskostnað.

S.H. o.fl. gegn Austurríki - Yfirdeild

Dómur frá 3. nóvember 2011

Mál nr. 57813/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Friðhelgi fjölskyldulífs. Bann við notkun á gjafakynfrumum við tækni-frjóvgun.

1. Málsatvik

Kærendur eru tvenn hjón sem búa í Austurríki. Þau geta ekki eignast börn saman og óskuðu eftir að fá glasafrjóvgun með gjafakynfrumum. Annað parið, S.H. og D.H., vildi glasafrjóvgun með gjafasæði en hitt parið, H.E. og M.G., vildi glasafrjóvgun með gjafaeggi. Samkvæmt austurrískum lögum eru

tæknifrjógvanir með gjafakynfrumum bannaðar og var þeim því neitað um aðgerðirnar.

Kærendur kröfðust endurskoðunar á þeim ákvörðunum fyrir austurrískum dómstólum. Austurríski stjórnlagadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að réttindi kæranda til fjölskyldulífs hefðu verið takmörkuð. Á hinn bóginn væri takmörkunin réttlætanagerleg. Markmið takmarkana væri að koma í veg fyrir að óvenjuleg skyldleikatengsl sköpuðust, eins og að barn hefði fleiri en eina líffræðilega móður og að koma í veg fyrir að þrýst yrði á efnaminni konur, sem sjálfar ættu þess ekki kost að fá glasafrjövgun, að gefa egg til glasafrjógvana annarra.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að með því að banna notkun á gjafasæði og gjafaeggjum við glasafrjövgun væri brotið í bága við rétt þeirra til friðhelgi fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Með þessu skapaðist mismunur milli þeirra para sem vildu nýta sér tæknifrjövgun til að eignast barn, þar sem greinarmunur væri gerður á þeim sem þyrftu að nýta sér gjafasæði eða gjafaegg við glasafrjövgun og þeim þörum sem ekki þyrftu á kynfrumugjöf að halda. Með þessu væri brotið gegn 14. gr. og 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu 1. apríl 2010 að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans, sbr. 8. gr. hans, með því að leggja bann við því að H.E. og M.G. gætu fengið glasafrjövgun með gjafasæði. Dómstóllinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn S.H. og D.H. með því að meina þeim að fá glasafrjövgun með gjafaeggi. Austurríska ríkið skaut málinu til yfirdeildar dómstólsins.

Niðurstaða yfirdeildar

Ekki var ágreiningur um að réttindi kæranda sem fjallað var um, þ.e. um rétt til að eignast barn og að fá aðstoð til þess, féllu undir fjölskyldulíf og þar með 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn ákvað að skoða málið út frá því hvort bann við tiltekinni tegund glasafrjógvana fæli í sér takmörkun á rétti kæranda til fjölskyldulífs.

Óumdeilt var að takmörkunin var gerð með lögum. Um svigrúm austurríska ríkisins til mats um það hvernig takmarka mætti möguleika borgaranna til glasafrjógvana tók dómstóllinn fram að greina mætti skýra þróun í þá átt hjá aðildarríkjum Evrópuráðsins að leyfa glasafrjövgun með gjafakynfrumum. Á hinn bóginn væri þessi þróun ekki byggð á skýrum grundvallarréttindum, heldur væri fremur um að ræða þróun á tilteknu réttarsviði. Af þessum sökum takmarkaði þróunin ekki svigrúm ríkjanna til mats um þetta atriði. Dómstóllinn ákvað því að veita austurríska ríkinu vítt svigrúm til mats. Hliðsjón var höfð af

hraðri þróun vísindanna sem leiddi til þess að stöðugt kæmu upp siðferðisleg álitamál á þessu sviði.

Dómstóllinn benti á að austurríski löggjafinn hefði ekki að öllu leyti bannað tæknifrjóvganir. Austurríski stjórnlagadómstóllinn hefði komist að þeirri niðurstöðu að löggjafinn hefði farið ákveðinn milliveg á milli þess að heimila þörum að eignast börn með aðstoð læknávisindanna og að vernda þau gildi sem stórum hluta almennings þætti mikilvægt að vernda með því að setja takmarkanir við notkun slíkra úrræða.

Engu að síður taldi dómstóllinn að ekki yrði framhjá því litið að sú staða að barn ætti tvær líffræðilegar mæður væri afar sérstök. Yrði þeirri aðstöðu ekki líkt saman við þá stöðu þegar barn ætti bæði líffræðilega móður og uppeldis-móður. Jafnvel þótt sumar þeirra röksemda sem austurrísk stjórnvöld báru fyrir sig ættu einungis við um glasafrjóvganir með gjafaegg var talið að ekki yrði litið framhjá því að glasafrjóvganir með gjafakynfrumum væru almennt séð mjög umdeildar í austurrísku samfélagi. Dómstóllinn lagði síðan áherslu á að sum úrræði, eins og tæknisæðing með gjafasæði, væru heimiluð og að austurrískum ríkisborgurum væri heimilt að ferðast til annarra landa og fá þar glasafrjóvgun með gjafakynfrumum. Þótti þetta benda til þess að löggjafinn hefði nálgast viðfangsefnið af varfærni gagnvart þeim andstæðu sjónarmiðum sem vægjust á í málinu. Taldi dómstóllinn að austurríska ríkið hefði ekki farið út fyrir það svigrúm sem það hefði til mats. Dómstóllinn tók undir með austurríska stjórnlagadómstólnum um að þau gildi sem leiddu til þess að viðfangsefnið væri umdeilt kynnu að breytast eftir því sem tíminn liði. Ríkisvaldið yrði að hafa það í huga og löggjöfin að taka mið af því.

Í ljósi þessara röksemda var það niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Sex dómarar skiluðu séráliti.

Mallah gegn Frakklandi

Dómur frá 10. nóvember 2011

Mál nr. 29681/08

8 gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Fjölskyldulíf. Aðstoð við ólöglegan innflytjanda.

1. Málsatvik

Kærandi, El Houssine Mallah, er marokkóskur ríkisborgari. Hann fæddist árið 1957 og býr í Ajaccio í Frakklandi. Hann hefur búið löglega í Frakklandi í rúmlega 30 ár með konu sinni og fimm börnum þeirra.

Í ágúst 2003 giftist dóttir kæranda B.A., marokkóskum ríkisborgara, sem bjó Marokkó. Þau sóttu um að B.A. fengi heimild til að flytja til Frakklands á grundvelli reglna um sameiningu fjölskyldna. Í desember 2005 kom B.A. til Frakklands með vegabréfsáritun sem gildi í þrjá mánuði. Hann bjó þar

ásamt kæranda. Eftir að vegabréfsáritunin rann út hélt B.A. áfram að búa í Frakklandi. Dóttir kæranda var þá þunguð. Eftir að yfirvöld fengu nafnlausa ábendingu um að ólöglegur innflytjandi byggí hjá kæranda voru kærandi og B.A. handteknir og húsleit gerð á heimilinu.

Ákæra var gefin út á hendur kæranda fyrir brot á útlendingalögum vegna aðstoðar sem hann hefði veitt til að stuðla að ólöglegri dvöl B.A. í landinu. Ákærvaldið tilkynnti kæranda að málið gegn honum hefði verið fellt niður, enda hafði B.A. þá sótt um að fá að búa í landinu á grundvelli reglna um að fjölskyldumeðlimir skyldu fá að búa á sama stað. Í september 2006 var kærandi sakfelldur af dómstól fyrir brot á útlendingalögum fyrir að aðstoða ólöglegan innflytjanda en var aftur á móti ekki gerð refsing. Umsókn B.A. um dvalarleyfi var síðar samþykkt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans þar sem dómurinn yfir honum hefði falið í sér brot á friðhelgi fjölskyldulífs hans. Samkvæmt frönskum lögum mátti ekki ákæra nána ættingja ólöglega innflytjenda fyrir það brot sem kærandi var dæmdur fyrir. Samkvæmt lögnum taldist kærandi aftur á móti ekki vera náinn ættingi tengdasonar síns.

Niðurstaða

Ekki var um það deilt að réttur kæranda til fjölskyldulífs hafði verið takmarkaður með refsிடóminum yfir honum. Dómurinn átti sér stoð í lögum sem höfðu það að markmiði að koma í veg fyrir að innflytjendur fengju stuðning við það að búa ólöglega í landinu. Dómstóllinn taldi að samband kæranda við tengdason sinn væri hluti af fjölskyldulífi sem nyti verndar samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Hafði dómstóllinn hliðsjón af því að B.A. bjó á heimili kæranda, hafði verið giftur dóttur hans í tvö ár, hafði sótt um að fá að búa í sama landi og fjölskyldan og B.A. og dóttir kæranda áttu von á barni saman.

Refsiákvæðið sem kærandi var dæmdur fyrir var skýrt og þær reglur sem giltu um þá einstaklinga sem voru undanskildir ákvæðinu. Af þessum sökum gátu þeir dómstólar sem fjölluðu um mál kæranda ekki komist að annarri niðurstöðu en varð ofan á í máli kæranda. Engu að síður hefði kæranda ekki verið gerð refsing með hliðsjón af atvikum málsins. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að nægilegt tillit hefði verið tekið til réttinda kæranda gagnvart þeim almenningshagsmunum sem bjuggu að baki refsíákvæðinu sem kærandi hafði brotið. Í ljósi þessa hefði ekki verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Zammit Maempel gegn Möltu

Dómur frá 22. nóvember 2011

Mál nr. 24202/10

8 gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka Friðhelgi eignarréttar

Friðhelgi heimilis. Skipulag. Ónæði vegna flugeldasýninga.

1. Málsatvik

Kærendur eru maltnesk fjölskylda, foreldrar og tvö börn. Þau eru fædd á tímabilinu frá 1949 til 1986 og búa í San Gwann á Möltu. Þau hafa búið í húsi sínu frá árinu 1994 en það er eitt þriggja húsa sem standa saman á annars nokkuð auðu svæði á eyjunni. Húsin tilheyra svæði sem er flokkað sem „óbyggt“ á skipulagi, en færri en 100 manns búa þar.

Arlega er haldin flugeldasýning í 150 metra fjarlægð frá húsi kæranda en sýningin er liður í tilteknum hátíðarhöldum. Kærendur hafa kvartað undan því að lífi þeirra, líkamlegri heilsu og öryggi sé stefnt í hættu í hvert skipti sem þessar flugeldasýningar eru haldnar. Auk þess hefur rusl sem fallið hefur til jarðar meðan á sýningunum stendur valdið skemmdum á heimili þeirra.

Kærendur kröfðust þess fyrir maltneskum dómstólum að bann yrði lagt við sýningunum. Niðurstaða dómstóls var að þótt viðurkennt væri að hljóðmengun af flugeldasýningunum hefði verið of mikil, kærendur hefðu orðið fyrir eignatjóni og að a.m.k. eitt þeirra hefði hlotið af þeim skerta heyrn var það niðurstaða á æðsta dómstigi að lög hefðu ekki verið brotin og að ekki hefði verið gengið of langt í að takmarka réttindi kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn 8. og 14. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. viðauka hans með því að veita leyfi til flugeldasýninga sem hefðu valdið þeim heilsu- og eignatjóni.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Þótt flugeldasýningarnar stæðu stutt yfir þótti ljóst að þær höfðu haft áhrif á heilsu kæranda. Réttindi þeirra samkvæmt 8. gr. hefðu því verið takmörkuð. Dómstóllinn rakti að sýningarnar væru hápunktur hátíðarhalda sem skiptu töluverðu máli fyrir samfélagið. Bent var á að hátíðarhöldin sköpuðu tekjur en væru auk þess hluti af maltneskri menningu og trúarhefð. Þótt heyrn a.m.k. eins kæranda hefði mögulega skerst vegna flugeldasýninganna hefðu þau ekki verið í raunverulegri hættu. Eignir þeirra hefðu orðið fyrir litlum skemmdum sem mætti lagfæra. Dómstóllinn rakti að ákveðin lög og reglur giltu á Möltu um flugeldasýningar, lögregla og slökkvilið hefðu haft eftirlit með framkvæmd þeirra og sýningarhaldara verið skylt að vera tryggður gagnvart tjóni sem kynni að hljóta af sýningunum.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Þótt sérfræðiálit hefði legið fyrir þar sem mælt var gegn því að flugelda-sýningarnar væru haldnar eins og gert var hefðu löggæsluþingmenn ekki talið ástæðu til að verða við álitinu. Dómstóllinn benti á að kærandur hefðu átt þess kost að láta reyna á ákvarðanir þeirra fyrir dómstólum en þess í stað hefðu þeir höfðað mál á grundvelli þeirra grundvallarréttinda sem þau töldu sig njóta. Dómstóllinn taldi þess vegna að ekki væri hægt að fullyrða að kærendum hefði verið ómögulegt að láta reyna á sjónarmið sín. Loks benti dómstóllinn á að kærandur hefðu vitað um stöðu mála þegar þau keyptu fasteignina. Var því ekki fallist á að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 14. gr. og 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn féllst ekki á að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans eða 1. gr. 1. viðauka hans. Talið var réttlætanlegt að svæði það sem kærandur bjuggu á hefði verið flokkað á skipulagi sem „óbyggt“. Þar sem kærandur höfðu ekki látið reyna á réttindi sín samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans fyrir maltneskum dómstólum var röksemdum þeirra þar að lútandi hafnað.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Wizerkaniuk gegn Póllandi

Dómur frá 5. júlí 2011

Mál nr. 18990/05

10. gr. Tjáningarfrelsi

Prentlög. Refsiákvæði. Blaðamenn.

1. Málsatvik

Kærandi, Jerzy Wizerkaniuk, er pólskur ríkisborgari, búsettur í Koscian í Póllandi. Hann var áður aðalritstjóri dagblaðsins *Gazeta Koscianska* en hann var einnig meðeigandi blaðsins.

Í febrúar árið 2003 tóku tveir blaðamenn blaðsins viðtal við pólskan þingmann. Viðtalið fór fram á skrifstofu þingmannsins og var tekið upp. Þingmaðurinn bannaði blaðinu að birta viðtalið eftir að texti þess hafði verið borinn undir hann. Um tveimur mánuðum síðar birti blaðið engu að síður beinar tilvitnanir úr viðtalinu. Tekið var fram að þingmaðurinn hefði bannað blaðinu að birta viðtalið.

Þingmaðurinn kærði athæfi blaðsins. Í kjölfarið gaf saksóknari út ákæru á hendur kæranda en samkvæmt pólskum prentlögum var refsivert að birta viðtal án samþykkis viðmælanda. Kærandi var sakfelldur og hann dæmdur til að greiða sekt.

Meirihluti dómara við stjórnlagadómstól Póllands taldi að umrætt refsí-ákvæði pólsku prentlaganna bryti ekki í bága við stjórnarskrá landsins. Afstaða dómstólsins var reist á því sjónarmiði að einkaréttarleg úrræði myndu ekki gagnast borgurunum til að bregðast við þeim brotum sem refsíákvæðinu væri ætlað að

sporna við. Auk þess taldi dómstóllinn að refsíákvæðið tæki ekki til tilvika þegar blaðamenn vísuðu óbeint til orða viðmælenda sinna án samþykkis þeirra.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sakfelling hans og refsing vegna birtingarinnar bryti í bága við 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn leit til þess að viðmælandi blaðs kæranda hefði verið stjórn-málamaður og að efni viðtalsins hefði lotið að stjórn mála- og viðskiptaatferli hans. Hann þyrfti því að þola harðari gagnrýni á sig á opinberum vettvangi en aðrir einstaklingar. Dómstóllinn rakti síðan að hið umdeilda refsíákvæði væri afdráttarlaust og að staða viðmælenda og efni viðtala skiptu ekki máli við mat á því hvort reglan ætti við. Hún fældi blaðamenn frá því að styggja viðmælendur sína. Dómstóllinn taldi að einkaréttarleg úrræði nægðu til að vernda hagsmuni viðmælenda í slíkum tilvikum. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að hin afdráttarlaus regla sem fram kæmi í refsíákvæði pólsku prentlaganna bryti í bága við 10. gr. sáttmálans. Sérstaklega var bent á að svo virtist sem pólski ríkissaksóknarinn, umboðsmaður pólska þingsins og forseti pólska þingsins væru sömu skoðunar og dómstóllinn. Einnig var talið þversagnakennt að lögin virtust bitna sérstaklega á þeim blaðamönnum sem væru nákvæmir í vinnubrögðum og vitnuðu orðrétt í viðmælendur sína.

Kæranda voru dæmdar 256 evrur í bætur fyrir fjártjón en 4 þúsund evrur í miskabætur. Honum voru einnig dæmdar 4.100 evrur í málskostnað.

Tveir dómamar skiluðu sameiginlegu sératkvæði þar sem komist var að sömu niðurstöðu og í atkvæði meirihlutans.

Heinisch gegn Þýskalandi

Dómur frá 21. júlí 2011

Mál nr. 28274/08

10. gr. Tjáningarfrelsi

Heilbrigðisstarfsmenn. Frelsi til tjáningar um vinnuveitanda. Almannahagsmunir.

1. Málsatvik

Kærandi, Brigitte Heinisch, er þýskur ríkisborgari, fædd árið 1961 og býr í Berlín. Hún starfaði sem hjúkrunarkona hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í umönnun aldraðra en fyrirtækið er í eigu sambandslandsins Berlínar. Frá því í janúar 2002 hefur kærandi starfað á dvalarheimili í eigu fyrirtækisins en þar búa aldraðir sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Kæranda var sagt upp störfum í janúar árið 2005, með þriggja mánaða uppsagnarfresti, vegna endurtekinnna veikindaforfalla hennar. Kærandi,

stéttarfélag hennar og vinir gáfu þá út bækling þar sem því var haldið fram að með uppsögninni ætlaði vinnuveitandi kæranda að þagga niður í starfsmönnum fyrirtækisins sem vissu margt misjafnt um starfshætti þess. Fram kom í bæklingnum að kærandi hefði fyrir nokkru kært fyrirtækið fyrir svik, enda væri þjónusta fyrirtækisins ekki í samræmi við kynningarefni þess og vistmenn væru í sífelldri hættu vegna þessa. Fyrirtækið brást við með því að segja kæranda upp þegar í stað. Tílefni uppsagnarinnar var aðild kæranda að útgáfu bæklingssins. Fyrirtækið hélt því fram að því hefði ekki verið kunnugt um að rannsókn sem það hafði sætt ætti uppruna sinn að rekja til kæranda. Kærandi höfðaði mál gegn fyrirtækinu vegna ólögmætrar uppsagnar. Þýskir dómstólar töldu að þar sem að kærandi hafði kært þáverandi vinnuveitanda sinn til lögreglu hefði verið heimilt að segja kæranda upp fyrirvaralaust.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að uppsögn hennar og viðbrögð þýskra dómstóla við kröfum hennar hefðu brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Ljóst þótti að uppljóstrun kæranda um aðstæður á dvalarheimili í eigu vinnuveitanda hennar nyti verndar 10. gr. sáttmálans og að tjáningarfrelsi hennar hefði verið takmarkað með uppsögn hennar. Dómstóllinn taldi einnig að reglur um riftun vinnusamninga væru nægilega lögfestar í þýskum rétti sem og að þær stefndu að málefnalegum markmiðum.

Við mat á því hvort meðalhófs hafði verið gætt tók dómstóllinn fram að kæra kæranda til lögreglu hefði verið í þágu almannahagsmuna. Gögn bentu til þess að kærandi hefði raunverulega talið að vinnuveitandi hennar hefði framið refsivert athæfi og að eftirlitsaðilar hefðu talið að ástandið á vinnustað hennar væri ekki eins og best yrði á kosið. Talið var að hagsmunir almennings að fá upplýsingar um aðbúnað aldraðra á stofnun í eigu hins opinbera ættu að veða þyngra en orðspor og viðskiptahagsmunir vinnuveitanda kæranda. Loks lagði dómstóllinn áherslu á hversu alvarlegu úrræði hefði verið beitt gegn kæranda og að beiting þess fældi án efa starfsfólk í heilbrigðiskerfinu öllu frá því að láta í té upplýsingar um hættulegar aðstæður í vinnuumhverfi þeirra.

Í ljósi ofangreinds var talið að þýskir dómstólar hefðu ekki gætt meðalhófs í meðferð sinni á máli kæranda og að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Kæranda voru dæmdar 10 þúsund evrur í miskabætur og 5 þúsund evrur í málskostnað.

Sigma Radio Television Ltd. gegn Kýpur

Dómur frá 21. júlí 2011

Mál nr. 32181/04 og 25122/05

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Stjórnýsluviðurlög. Réttlát málsmeðferð. Fjölmíðlar. Eftirlit með starfsemi

Palomo Sanchez o.fl. gegn Spáni - Yfirdeild

Dómur frá 12. september 2011

Mál nr. 28955/06, 28957/06, 28959/06 og 28964/06

10. gr. Tjáningarfrelsi

Tjáningarfrelsi starfsmanna. Viðurlög. Stéttarfélög.

1. Malsatvik

Kærandur eru fjórir spænskir ríkisborgarar búsettir í Barcelona. Þeir störfuðu áður við vöruflutninga hjá fyrirtækinu P og voru jafnframt í stjórn stéttarfélags starfsmanna fyrirtækisins. Þeim var sagt upp störfum í júní 2002 eftir að skopmynd birtist á forsíðu fréttabréfs stéttarfélagsins þar sem gefið var til kynna að tilteknir tveir starfsmenn fyrirtækisins ættu, eða hygðust eiga, munnmök við starfsmannastjóra þess. Í fréttablaðinu voru einnig tvær greinar þar sem gagnrýnt var með grófu orðfæri að þessir tveir starfsmenn hefðu borið vitni í dómsmáli sem kærandur ráku gegn P.

Kærandur töldu uppsögnina ólögmeta og höfðuðu mál gegn P til viðurkenningar á því. Spænskir dómstólar töldu að kærandur hefðu farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis og að P hefði verið heimilt að segja þeim upp störfum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að uppsögn þeirra hefði brotið í bága við réttindi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Einnig töldu þeir að raunveruleg ástæða uppsagnanna hefði verið þátttaka kæranda í starfsemi stéttarfélagsins og að þar með hefði verið brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 11. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn fjallaði einungis um þá spurningu hvort uppsögn kæranda hefði verið heimil í ljósi 10. gr. sáttmálans í ljósi þeirrar verndar sem 11. gr. sáttmálans veitti starfsemi stéttarfélaga. Ekki þyrfti því að taka síðargreinda ákvæðið til sérstakrar skoðunar.

Dómstóllinn taldi að spænskir dómstólar hefðu skoðað malsatvik gaumgæfilega með hliðsjón af réttindum kæranda. Sú niðurstaða þeirra að umfjöllun kæranda hefði verið gróf var ekki dregin í efa. Gera yrði greinarmun á gagnrýni og móðgunum en heimilt væri í sumum tilvikum að ákveða mönnum viðurlög fyrir að móðga aðra. Viðbrögð spænskra dómstóla hefðu stefnt að því lögmeta markmiði að vernda mannorð annarra.

Dómstóllinn tók fram að þótt umfjöllun kæranda hefði verið liður í vinnudeilu stéttarfélags gagnvart fyrirtæki hefði hún beinst að tveimur almennum starfsmönnum fyrirtækisins auk starfsmannastjóra þess. Svigrúm manna til að láta í ljós gagnrýni væri takmarkaðra þegar um væri að ræða almenna borgara en ekki stjórnmalamenn eða embættismenn. Enda þótt vinnudeilan hefði varðað

10. gr. Tjáningarfrelsi

málefni sem hefði þýðingu fyrir almenning eða a.m.k. fyrir starfsmenn P taldi dómstóllinn að kærandur hefðu farið út fyrir það svigrúm sem þeir nutu í skjóli tjáningarfrelsis. Var einkum litið til þess hversu gróf umfjöllun kæranda var. Í því samhengi benti dómstóllinn sérstaklega á að umfjöllunin hefði verið sett fram skriflega með löngum undirbúningi á opinberum vettvangi. Dómstóllinn leit einnig til þess að kærandur hefðu haft ákveðnar trúnaðarskyldur gagnvart fyrirtækinu P, sem aðilar vinnudeilna bæru hverjir gagnvart öðrum.

Af þessum sökum taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 10. gr., sbr. 11. gr., sáttmálans.

Vellutini og Michel gegn Frakklandi

Dómur frá 6. október 2011

Mál nr. 32820/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Stjórnámálemenn. Starfsmenn stéttarfélaga.

1. Málsatvik

Kærandur, Bernard Vellutini og Cédric Michel, eru franskir ríkisborgarar fæddir árin 1957 og 1979. Þeir eru búsettir í bæjunum Lunel og Hostens í Frakklandi og eru formaður og ritari stéttarfélags lögreglumanna í héraðinu. Lögreglukona sem var félagsmaður átti í deilum við bæjarstjóra í bæ einum í héraðinu og þegar hann veitti henni formlega áminningu höfðu kærandur afskipti af málinu sem talsmenn stéttarfélagsins. Með aðstoð annars kæranda kærði lögreglukonan ákvörðun bæjarstjórans til dómstóla. Í kjölfarið gagnrýndi bæjarstjórinn hana opinberlega í viðtölum í fjölmiðlum. Lögreglukonan lagði fram formlega kvörtun vegna framferðis bæjarstjórans en auk þess gáfu kærandur út og dreifðu bæklingi meðal bæjarbúa þar sem þeir gagnrýndu framgöngu bæjarstjórans í málinu. Bæjarstjórinn höfðaði meiðyrðamál gegn tvímenningunum. Héraðsdómur sakfelldi þá fyrir meiðyrði og dæmdi þá til greiðslu sekta og skaðabóta auk þess sem birta þurfti dóminn á heimasíðu stéttarfélagsins. Áfrýjunardómstóll staðfesti síðar þessa niðurstöðu. Í dóminum kom fram að kærandur hefðu misnotað sér aðstöðu sína og tjáningarfrelsi sem ábyrgðarmenn í stéttarfélagi til að breiða út ásakanir án nægra sönnunargagna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að sakfelling þeirra og refsing fyrir meiðyrði hefði brotið gegn 10. gr. og 11. gr. sáttmálans þar sem ummæli þeirra hefðu verið hluti af starfi þeirra í þágu stéttarfélags og beinst gegn kjörnum fulltrúa í bæjarfélaginu.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á mikilvægi þess að kærandur hefðu látið frá sér

ummælin sem málsvarar stéttarfélags. Ummælin hefðu tengst máli eins félagsmanns stéttarfélagsins og beinst að yfirmanni lögreglukonunnar. Þau hefðu hvorki falið í sér gagnrýni á hann persónulega né pólitísk stefnumál hans. Þá hefði bæjarstjórinn sjálfur tjáð sig um málið í fjölmiðlum áður en bæklingur kæranda kom út. Ummælin voru því hluti umræðu sem varðaði hag almennings og nutu sem slík aukinnar verndar sáttmálans. Kærendur hefðu jafnframt gætt þess að nafngreina ekki bæjarstjórnann og hefðu ummælin á engan hátt beinst að persónu hans heldur eingöngu framferði hans. Dómstóllinn áréttaði að einstaklingar hefðu almennt aukið svigrúm til að setja fram málefnalega gagnrýni á stjórnámálamenn enda væru þeir opinberar persónur sem þyrftu ávallt að vera tilbúnir að verja gerðir sínar gagnvart kjósendum. Þar sem deilan sem mál þetta snerist um hefði einkennst af harkalegum ummælum á báða bóga varð að heimila aðilum ákveðið svigrúm í framsetningu ummæla sinna. Dómstóllinn fékk ekki séð að ummæli kæranda hefðu verið það svívirðileg eða meiðandi að þau rúmuðust ekki innan tjáningarfrelsis stéttarfélaga. Þar að auki höfðu kærendur boðist til að færa fram sönnunargögn til að sýna fram á sannleiksgildi ummæla sinna fyrir landsdómstólum. Því hefði hins vegar verið hafnað á grundvelli formreglna.

Dómstóllinn taldi að þær sektir og bætur sem kærendur voru dæmdir til að greiða hefðu verið í miklu ósamræmi við afleiðingar og eðli ummæla þeirra. Slík skerðing á tjáningarfrelsi starfsmanna stéttarfélags var að mati dómstólsins ekki nauðsynleg í lýðræðissamfélagi og braut því gegn 10. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Frakklandi gert að greiða kærendum hvorum um sig 4.000 evrur í miskabætur og sameiginlega 6.338 evrur vegna málskostnaðar.

Einn dómari skilaði sératkvæði.

John Anthony Mizzi gegn Möltu

Dómur frá 22. nóvember 2011

Mál nr. 173320/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Ummæli um látinn stjórnámálamann.

1. Málsatvik

Kærandi, John Anthony Mizzi, er maltneskur ríkisborgari. Hann fæddist árið 1925 og býr á Möltu.

Í febrúar árið 1994 birti dagblaðið *The Sunday Times of Malta* bréf kæranda til ritstjórnarinnar þar sem kærandi lýsti skoðunum sínum á fyrirætlunum stjórnvalda um að gera snekkjuhöfn á tilteknum stað við eyjuna. Kærandi gagnrýndi að ekki hefði verið haft nægilegt samráð við íbúa í nágrenninu. Í bréfinu rakti kærandi sögu byggingaráætlunarinnar í grófum dráttum. Kom þar fram að ástæða þess að yfirleitt hefði verið byggt nokkuð á þessum stað

hefði verið sú að Sir Paul Boffa, fyrrverandi forsætisráðherra landsins, hefði viljað byggja þar á sínum tíma.

Boffa var látinn þegar bréf kæranda var birt. Sonur hans höfðaði meidyrðamál gegn kæranda í kjölfar birtingarinnar. Maltneskir dómstólar komust að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði í raun sagt að Boffa hefði beitt sér fyrir því að heimilað yrði að byggja á umræddu svæði til þess að Boffa sjálfur gæti byggt sér hús þar. Var kærandi dæmdur til að greiða syni Boffa miskabætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því einkum fram að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans þar sem hann hefði verið dæmdur fyrir meidyrði og til að greiða miskabætur.

Niðurstaða

Aðilar voru sammála um að tjáningarfrelsi kæranda hefði verið takmarkað, takmörkunin hefði verið reist á lögum og að takmörkunin hefði verið þágu lögmæts markmiðs.

Dómstóllinn tók fram að túlka hefði mátt hin umdeildu orð kæranda á mismunandi hátt. Maltneskir dómstólar hefðu gert ráð fyrir að ásetningur hefði búið að baki orðum kæranda um að meiða æru Boffa og að kærandi hefði sagt að eigin hagsmunir hefðu ráðið gjörðum hans sem forsætisráðherra. Dómstóllinn benti á að enda þótt túlkun maltneskra dómstóla á orðum kæranda gæti staðist, hefðu þeir gengið út frá ásetningi kæranda og ekki gengið úr skugga um hvað honum hefði gengið til. Dómstóllinn tók fram að svo virtist sem maltnesku dómstólarnir hefðu ekki skoðað bréf kæranda í heild sinni. Athugasemd kæranda um Boffa hefði einungis verið aukaatriði í bréfinu. Yfirbragð þess hefði verið yfirvegað og þá sérstaklega sá hluti þess sem fjallaði um Boffa. Ekki yrði sagt að bréfið hefði verið ögrandi eða ýkjukennt.

Einnig var bent á að svo virtist sem engu máli hefði skipt að Boffa hefði verið forsætisráðherra Möltu og þar með opinber persóna sem yrði að þola meiri gagnrýni en aðrir. Ekki hefði verið tekið tillit til þess að bréf kæranda fjallaði um málefni sem varðaði almannahagsmuni.

Loks tók dómstóllinn fram að Boffa hefði verið látinn þegar kærandi lét ummæli sín í ljós. Neikvæðar afleiðingar bréfsins á mannorð Boffa væru því takmarkaðar.

Í ljósi alls ofangreinds var talið að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Kæranda voru dæmdar 700 evrur í bætur fyrir fjárhagslegt tjón og 4 þúsund evrur í miskabætur. Honum voru einnig dæmdar 5.300 evrur í málskostnað.

Mor gegn Frakklandi

Dómur frá 15. desember 2011

Mál nr. 28198/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Lögmenn. Þagnarskylda. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, Gisèle Mor, er franskur ríkisborgari, fædd árið 1953 og búsett í bænum *Saint-Ouen-l'Aumône* í Frakklandi. Hún starfar sem lögmaður í heimalandi sínu.

Í nóvember 1998 fór kærandi fram á að rannsókn færi fram á andláti 12 ára dóttur skjólstaðinga sinna. Stúlkann hafði látist úr veikindum skömmu eftir bólusetningu gegn lifrabólgu B. Í kjölfarið var dauði stúlkunnar rannsakaður og hafist var handa við gerð skýrslu um hugsanlega fylgikvilla slíkrar bólusetningar. Árið 2002 var 450 blaðsíðna löng skýrsla sérfræðinga lögð fyrir rannsóknardómara í málinu. Eftir að skýrslan kom út tjáði kærandi sig um efni hennar við fjölmiðla og í framhaldi af því birtist grein í dagblaði um niðurstöður skýrslunnar. Þann 4. desember sama ár kærði fyrirtækið sem sá um dreifingu bóluefnisins kæranda en fyrirtækið sakaði hana um að hafa brotið þagnarskyldu um dómsrannsóknina með því að dreifa upplýsingum um mál þar sem hún væri bundin þagnarskyldu. Þann 16. september árið 2003 var kærandi ákærð fyrir brot á þagnarskyldu sem var refsivert samkvæmt hegningarlögum. Kærandi viðurkenndi fyrir dómi að hafa tjáð sig um efnisatriði málsins við blaðamenn að ósk umbjóðenda sinna. Þann 11. maí 2007 var kærandi sakfelld í refsímálinu um brot á þagnarskyldu. Dómarinn fyrirskipaði þó að refsing skyldi falla niður þar sem aðrir sem komu að málinu hefðu einnig veitt fjölmiðlum upplýsingar. Kæranda var engu að síður gert að greiða fyrirtækinu 1 evru í skaðabætur. Bæði saksóknari og kærandi áfrýjuðu málinu en áfrýjunardómstóllinn staðfesti niðurstöðu héraðsdóms. Þann 28. október 2008 vísaði hæstiréttur Frakklands máli kæranda frá dómi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að sakfelling hennar hefði brotið gegn tjáningarfrelsi hennar sem nyti verndar samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að ríki hefðu ákveðið svigrúm til mats á því hvort og hvenær skerðing á tjáningarfrelsi teldist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Hins vegar yrði að líta til þess að lögmenn hefðu sérstaka stöðu sem tengiliðir á milli almennings og dómstóla. Til þess að almenningur hefði trú á réttarkerfinu væri nauðsynlegt að fullvissa þá um það að lögmenn gætu varið hagsmuni þeirra bæði gegn stjórnvöldum og öðrum aðilum. Í því skyni væri mikilvægt að lögmenn hefðu visst svigrúm til að tjá sig á opinberum vettvangi um framgang réttvísinnar svo lengi sem þeir héldu sig innan ákveðinna marka. Takmarkanir á tjáningarfrelsi þeirra gátu því aðeins verið réttlætanlegar í undantekningartilvikum.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Kærandi hefði verið sakfelld fyrir að tjá sig við fjölmiðla um efni skýrslu um mál sem varðaði skjólstæðing hennar. Hún gaf ekki út eintök af skýrslunni í heild sinni heldur tjáði sig aðeins takmarkað um efni hennar og helstu niðurstöður. Fyrir lá að áður en kærandi tjáði sig um hana hafði skýrslan lekið í fjölmiðla og mikið verið fjallað um efni hennar. Efni skýrslunnar varðaði ekki aðeins skjólstæðinga kæranda heldur allan almenning og var hluti þjóðfélags-umræðunnar í landinu. Dómstóllinn ítrekaði að samkvæmt sáttmálanum væri lítið svigrúm til að takmarka tjáningarfrelsi þegar kæmi að pólitískri orðræðu eða málefnalegri umræðu um hagsmuni almennings. Við mat á tjáningarfrelsi lögmanna væri nauðsynlegt að hafa í huga hvers eðlis málið sem tjáningin varðaði væri og hverjar afleiðingar hennar kunna að vera. Dómstóllinn leit til þess að þótt kærandi hefði brotið gegn þagnarskyldu sinni hefðu athafnir hennar ekki haft áhrif á rannsóknina eða niðurstöður hennar. Þá hafði hvorki lögmannafélag Frakklands né héraðsdómur séð ástæðu til að beita kæranda agaviðurlögum vegna hegðunar hennar. Dómstóllinn taldi að sýnt hefði verið fram á að sakfelling kæranda sökum ummæla hennar fyrir hönd skjólstæðinga sinna hefði falið í sér brot á 10. gr. sáttmálans af hálfu Frakklands.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Frakklandi gert að greiða kæranda 5.000 evrur í miskabætur.

14. gr. Bann við mismunun

Stummer gegn Austurríki - Yfirdeild

Dómur frá 7. júlí 2011

Mál nr. 37452/02

Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka

Fangar. Lífeyrisréttindi.

OAQ Neftyana kompaniya Yukos gegn Rússlandi

Dómur frá 20. september 2011

Mál nr. 14902/04

Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka

Tími til að undirbúa vörn. Skattaviðurlög. Fyrningarfrestur. Afturvirkni. Tilgangur takmarkana á réttindum.

Bah gegn Bretlandi

Dómur frá 27. september 2011

Mál nr. 56328/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Útlendingar. Börn. Félagsleg aðstoð.

1. Málsatvik

Kærandi, Husenatu Bah, er ríkisborgari Síerra Leone og býr í London. Hún fékk ótímabundið dvalarleyfi í Bretlandi árið 2005. Sonur hennar fékk heimild til að ferðast til Bretlands árið 2007 og dvelja þar með því skilyrði að hann hefði framfærslu og þægi ekki bætur úr opinberum sjóðum. Hann var þá 13 ára gamall. Í kjölfar þess að sonur kæranda flutti til landsins sagði leigusali kæranda upp leigusamningi þeirra.

Kæranda og syni hennar var útvegað félagslegt húsnæði og þau voru aldrei heimilislaus. Þau voru aftur á móti ekki sett á forgangslista fyrir einstaklinga með börn á framfæri. Ástæðan var það skilyrði sem yfirvöld höfðu sett fyrir dvöl sonar kæranda í landinu. Af þessum sökum þurfti kærandi að greiða hærri leigu en ella og húsnæðið sem henni var úthlutað var svo langt frá skóla sonar hennar að hann þurfti að ferðast fjóra tíma á dag til að sækja sér menntun. Kæranda var 17 mánuðum síðar boðið að flytja í félagslegt húsnæði sem var betur staðsett.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 8. gr., sbr. 14. gr., sáttmálans þar sem hún hefði ekki fengið viðeigandi forgang til félagslegs húsnæðis með tilliti til aðstæðna hennar eins og aðrir í sömu stöðu.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að sú meðferð sem kærandi sætti hefði verið til komin vegna þeirra skilyrða sem sett voru vegna dvalar sonar hennar en ekki vegna þess að hún væri ríkisborgari Síerra Leone. Dómstóllinn féllst ekki á að meðferðin hefði verið ómálefnaleg, enda hefði kærandi verið upplýst um það fyrirfram hver staða sonar hennar myndi verða í Bretlandi, flyttist hann til landsins. Kærandi hefði samþykkt að hún myndi ekki þiggja sérstaka aðstoð hins opinbera vegna sonar síns. Dómstóllinn benti síðan á að kærandi og sonur hennar hefðu aldrei verið heimilislaus og að gögn málsins bentu til þess að jafnvel þótt þau hefðu fengið umrædda forgangsstöðu hefði það ekki breytt miklu fyrir stöðu þeirra í raun. Var því ekki talið að brotið hefði verið gegn 8. gr., sbr. 14., sáttmálans.

Genovese gegn Möltu

Dómur frá 11. október 2011

Mál nr. 53124/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Ríkisborgararéttur. Börn fædd utan hjónabands.

1. Málsatvik

Kærandi, Ben Alexander Genovese, er breskur ríkisborgari búsettur í

bænum Hamilton í Skotlandi. Hann fæddist í Bretlandi árið 1996 og er móðir hans breskur ríkisborgari og faðir hans ríkisborgari á Möltu. Þau voru ógift þegar kærandi fæddist. Maltnesk yfirvöld tilkynntu móður kæranda að hann ætti einungis rétt á maltneskum ríkisborgararétti ef faðir hans viðurkenndi formlega faðernið. Eftir að hafa aflað slíkrar faðernisviðurkenningar var umsókn kæranda um ríkisborgararétt engu að síður hafnað þar sem maltnesk lög mæltu svo fyrir að aðeins þeir einstaklingar sem fæddust utan hjónabands ættu rétt á ríkisborgararétti ef móðirin væri ríkisborgari Möltu. Það sama gildi ekki ef aðeins faðirinn var maltneskur. Í janúar 2006 komst dómstóll á Möltu að þeirri niðurstöðu í máli kæranda að umrædd löggjöf fæli í sér mismunun og bryti því gegn stjórnarskrá landsins. Í nóvember 2008 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að löggjöfin bryti jafnframt gegn Mannréttindasáttmála Evrópu. Stjórnlagadómstóll landsins komst að andstæðri niðurstöðu árið 2009. Dómstóllinn taldi réttinn til að öðlast ríkisborgararétt hvorki vera verndaðan af stjórnarskrá landsins né Mannréttindasáttmálanum. Þá var ekki talið að neitun á að viðurkenna maltneskan ríkisborgararétt kæranda hefði áhrif á friðhelgi fjölskyldulífs hans enda hefði faðir kæranda ávallt neitað að eiga nokkur samskipti við hann og engin tengsl hefðu stofnast á milli þeirra sem jafna mætti til fjölskyldulífs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að maltnesk lög um veitingu ríkisborgararéttar sem stæðu í vegi fyrir því að hann gæti fengið maltneskan ríkisborgararétt fælu í sér mismunun sem væri andstæð 14. gr. sáttmálans skýrðri með hliðsjón af 8. gr. um friðhelgi einkalífs.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að þótt maltneska þingið hefði breytt löggjöfinni um ríkisborgararétt árið 2007 hefði það ekki áhrif á kæru kæranda þar sem honum hefði verið neitað um að fá ríkisborgararétt í rúm 10 ár áður en lögunum var breytt. Dómstóllinn féllst á að 14. gr. skýrð með hliðsjón af 8. gr. sáttmálans ætti við í þessu máli enda væri viðurkenning ríkisborgararéttar kæranda á grundvelli faðernis hluti sjálfsmýndar hans og félli því innan ramma einkalífs. Dómstóllinn áréttaði að mikilvægt væri að skýra sáttmálann í ljósi þróunar í aðildarríkjunum. Hann benti á að frá árinu 1975 hefðu fleiri en 20 aðildarríki Evrópuráðsins staðfest Evrópusáttmála til að tryggja lagalega stöðu barna fæddra utan hjónabands. Veigamiklar ástæður þyrftu að vera fyrir hendi til að réttlæta hvers kyns mismunun milli barna fæddra innan og utan hjónabands. Kærandi var í sambærilegri stöðu og önnur börn sem áttu maltneskan föður og erlenda móður. Það eina sem gerði stöðu hans ólíka og hindraði það að hann öðlaðist ríkisborgararétt var sú staðreynd að hann var fæddur utan hjónabands. Dómstóllinn féllst ekki á þær röksemdir maltneska ríkisins að börn

14. gr. Bann við mismunun

fædd utan hjónabands hefðu almennt veikari tengsl við foreldra sína en þau sem fædd væru innan hjónabands. Þar sem engar gildar réttlætningarástæður höfðu verið færðar fram af hálfu maltneskra yfirvalda fyrir þessari mismunun komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans skýrðri með hliðsjón af 8. gr. hans.

Kærandi fór ekki fram á bætur á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði sératkvæði.

18. gr. Takmörkun á skerðingu réttinda

OAQ Neftyaná kompaniya Yukos gegn Rússlandi

Dómur frá 20. september 2011

Mál nr. 14902/04

Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka

Tími til að undirbúa vörn. Skattaviðurlög. Fyrningarfrestur. Afturvirkni. Tilgangur takmarkana á réttindum.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Stummer gegn Austurríki - Yfirdeild

Dómur frá 7. júlí 2011

Mál nr. 37452/02

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka Friðhelgi eignarréttar

Fangar. Lífeyrisréttindi.

1. Málsatvik

Kærandi, Ernst Stummer, er austurrískur ríkisborgari, fæddur árið 1938 og búsettur í Vínarborg. Hann dvaldi um langa hríð í fangelsi vegna afbrota sem hann hafði framið. Hann starfaði í 28 ár í eldhúsi fangelsisins. Í mars 1999 sótti kærandi um greiðslu ellilífeyris. Umsókn hans var hafnað þar sem hann hafði ekki unnið nægilega lengi á almennum vinnumarkaði, utan fangelsisins, til að ávinna sér réttindi í hinu almenna ellilífeyristryggingakerfi í Austurríki. Dómstólar staðfestu þessa niðurstöðu. Eftir að kærandi var látinn laus í janúar árið 2004 hefur hann fengið greiddar atvinnuleysisbætur og neyðarframfærslubætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt

14. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. viðauka hans, þar sem litið hefði verið framhjá þeirri vinnu sem hann hefði unnið í fangelsi við ákvörðun um hvort hann hefði unnið nægilega lengi til að ávinna sér réttindi til ellilífeyris.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst á það með austurrískum yfirvöldum að málefnalegt væri að láta aðrar reglur gilda um fanga sem ynnu launuð störf meðan á afplánun stæði en þá sem störfuðu á almennum vinnumarkaði. Vísað var til þess að fangar hefðu ekki ráð á að greiða til almannatryggingakerfisins og að það græfi því undan hagkvæmni þess ef einstaklingar ynnu sér inn réttindi í kerfinu án þess að leggja nokkuð til þess.

Dómstóllinn fjallaði því næst um þá spurningu hvort framangreint markmið, sem dómstóllinn taldi vera málefnalegt, réttlætti þann mun sem væri á stöðu fanga sem ynnu launuð störf og almennra launþega sem störfuðu á vinnumarkaði. Þar sem álitaefnið laut að því hvernig ríkisvaldið kysir að fjármagna almannatryggingakerfi sitt taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu haft vítt svigrúm til mats. Aðildarríki sáttmálans væru betur til þess fallin að meta hagsmuni almennings á þessu sviði en dómstóllinn. Ekki væri samstaða meðal aðildarríkjanna um réttindi fanga að þessu leyti. Dómstóllinn benti á að kærandi hefði notið einhverrar aðstoðar ríkisvaldsins í formi bóta og að austurrísk yfirvöld hefðu ekki farið út fyrir það svigrúm sem þau hefðu til mats.

Af þessum sökum var hvorki talið að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans né 1. gr. 1. viðauka hans. Einn dómari skilaði sératkvæði þar sem komist var að sömu niðurstöðu og í niðurstöðu meirihlutans. Sex dómarar skiluðu sameiginlegu sératkvæði þar sem komist var að annarri niðurstöðu að hluta. Einn dómari skilaði sératkvæði þar sem einnig var komist að annarri niðurstöðu að hluta.

OAQ Neftjana kompaniya Yukos gegn Rússlandi

Dómur frá 20. september 2011

Mál nr. 14902/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

14. gr. Bann við mismunun

1.gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Tími til að undirbúa vörn. Skattaviðurlög. Fyrningarfrestur. Afturvirkni. Tilgangur takmarkana á réttindum.

1. Málsatvik

Kærandi, OAO Neftjana kompaniya Yukos, var mjög stórt rússneskt olíufélag í Rússlandi sem var áður í eigu ríkisins en einkavætt á árunum 1995 og 1996.

Í júní 2004 var kærandi dæmdur til að greiða vangoldin opinber gjöld sem samsvöruðu rúmlega 2,8 milljörðum evra. Stjórnlagadómstóll Rússlands

féllst ekki á að málið hefði verið fyrnt þegar dómur var kveðinn upp, enda gilt lengri fyrningarfrestur í tilvikum þegar skattaðili hefði reynt að leyna brotum sínum eins og kærandi var talinn hafa gert. Rússnesk yfirvöld brugðust skjótt við dómsniðurstöðunni með því að haldleggja eignir kæranda og frysta banka-reikninga þess. Skattfyrirvöld komust síðar að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði stundað sambærileg skattsvik á öðrum tímabilum og tvöfölduðu því fjárhæð sektarinnar sem honum var gert að greiða auk álags. Kærandi fékk stuttan greiðslufrest og öllum beiðnum hans um framlengingu frestsins var hafnað. Yfirvöld seldu verðmætar eignir kæranda nauðungarsölu og hann var í kjölfarið lýstur gjaldþrota.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að aðgerðir rússneskra yfirvalda hefðu beinlínis miðað að því að koma í veg fyrir að fyrirtækið gæti greitt skattskuldina. Sér í lagi var vísað til yfirtöku þeirra á verðmætum eignum fyrirtækisins. Kærandi hélt því einnig fram að það álag sem félaginu hefði verið gert að greiða vegna fullnustu ákvörðunarinnar og sá skammi tími sem það fékk til að standa skil á sektargreiðslum hefðu brotið gegn réttindum fyrirtækisins samkvæmt sáttmálanum. Tulkun rússneskra dómstóla á lögum hefði verið óvenjuleg og einstök í samanburði við mál þar sem fjallað var um háttsemi annarra rússneskra fyrirtækja. Rússnesk yfirvöld hefðu enn fremur verið tilbúin að þola að önnur fyrirtæki hegðuðu sér eins og kærandi. Kærandi reisti kvörtun sína á 6. gr., 7. gr., 13. gr., 14. og 18. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. viðauka hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að málið væri tækt til efnismeðferðar þótt meirihluti eigenda kæranda hefði látið reyna á atvik þess fyrir fasta gerðardóminum í Haag og að 2. mgr. 35. gr. sáttmálans hamlaði dómstólnum að fjalla um mál sem þegar væru til meðferðar hjá öðrum alþjóðlegum úrskurðaraðila. Dómstóllinn vísaði til þess að málið sem hann hefði til skoðunar væri til komið vegna kæru kæranda sjálfs sem lögaðila en ekki þeirra einstaklinga sem stæðu í málarekstri fyrir fasta gerðardóminum. Málin tvö væru því aðskilin þótt í þeim reyndu á sömu atvik.

Um 6. gr.: Dómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn 1. mgr. og b-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem kærandi hefði ekki fengið nægan tíma til að kynna sér gögn málsins vegna meðferðar þess á fyrsta dómstigi en félagið hafði einungis fengið fjóra daga til að kynna sér 43 þúsund blaðsíður af gögnum. Einnig hefði stuttur tími milli meðferðar málsins á fyrsta dómstigi og á áfrýjunarstigi komið í veg fyrir að kærandi næði að undirbúa málflutning fyrir áfrýjunardómstól. Ekki var fallist á að málarekstur rússneskra skattfyrvalda gegn kæranda hefðu verið gerræðisleg eða ósanngjörn, að vörn kæranda hefði að öðru leyti verið takmörkuð um of af rússneskum dómstólum, að sönnun-

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

argögn hefðu ekki fengið nægilega skoðun dómstóla eða að réttur kæranda til áfrýjunar hefði verið takmarkaður með ósanngjörnum hætti.

Um 1. gr. 1. viðauka: Talið var að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans þar sem fyrningarfrestur vegna sumra þeirra brota sem kærandi var dæmdur fyrir hefði verið framlengdur afturvirk. Af þeim sökum hefði einnig verið óheimilt að tvöfalda sektina sem fyrirtækinu var gert að greiða. Fjárhæð sektarinnar var að öðru leyti ekki talin hafa verið svo há að talið yrði að brotið hefði verið gegn kæranda. Dómstóllinn taldi að rússnesk yfirvöld hefðu gengið of langt í innheimtuaðgerðum sínum gagnvart kæranda og lengra en nauðsynlegt var gagnvart réttindum kæranda samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Vísað var til þess að þau hefðu sýnilega ekki metið nægilega hvaða afleiðingar yfirtaka á verðmætustu eignum kæranda myndi hafa og ekki metið hvort hægt hefði verið að grípa til annarra úrræða í því skyni að tryggja greiðslu sektarinnar. Álag það sem kæranda hefði verið gert að greiða hefði verið úr hófi hátt. Einnig hefði kæranda verið veittur afar skammur tími til að standa skil á sektinni. Í ljósi þess var talið að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um 14. gr.: Ekki var talið sýnt fram á að rússnesk skattýfirvöld hefðu áður verið tilbúin að þola hegðun eins og þá sem kærandi hafði sýnt og átti það bæði við um fyrri skattskil kæranda en einnig annarra rússneskra félaga. Ekki var talið að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans, sbr. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um 18. gr.: Þrátt fyrir þá ágalla sem höfðu verið á málsmeðferð rússneskra yfirvalda taldi dómstóllinn ekki sýnt fram á að aðgerðir þeirra hefðu staðið til þess að leggja niður starfsemi kæranda og að tilgangur þeirra hefði beinlínis verið að sölsa eignir fyrirtækisins undir rússneska ríkið að nýju. Var þess vegna ekki fallist á að brotið hefði verið gegn 18. gr. sáttmálans, sbr. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að öðru leyti ekki ástæðu til að fjalla um málið frá sjónarhóli 7. og 13. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn ákvað að fresta ákvörðun um bætur.

Þrír dómarar skiluðu tveimur sérálitum þar sem komist var að öðrum niðurstöðum að hluta en í dómi dómstólsins.

